

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 11. desember 2020.

Mál nr. 7/2020:

## Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, settur saksóknari)

gegn

## Lukasz Soliwoda og

(Guðbjarni Eggertsson lögmaður)

## Tomasz Walkowski

(Þórhallur Haukur Þorvaldsson lögmaður)

(Hilmar Gunnarsson réttargæslumaður)

## Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Skaðabætur. Dráttur á máli.

## Útdráttur

L og T voru sakfelldir fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa haft samræði við A án hennar samþykkis með því að beita hana ólögumætri nauðung og nýta sér yfirburðastöðu sína gagnvart henni sökum aldurs- og þroskamunar. Við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til 1. tölulið 70. gr. og a-liðar 195. gr. almennra hegningarlaga. Þá var einnig litið til þess dráttar sem hafði orðið á meðferð málsins hjá ákærvaldinu sem ákærðu yrði ekki kennt um. Var refsing L og T ákveðin fangelsi í tvö ár og þeim gert hvorum um sig að greiða A 1.500.000 krónur í miskabætur.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Arnfríður Einarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 10. desember 2019 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 2019 í málinu nr. S-[...]/2019.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærðu verði þyngd.
- 3 Ákærði, Lukasz Soliwoda, krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsingin verði bundin skilorði. Þá krefst hann þess að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð verulega.

- 4 Ákærði, Tomasz Walkowski, krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins en til vara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að einkaréttarkröfu brotþola verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð verulega.
- 5 Brotþoli, A, krefst þess að ákærðu verði dæmdir til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 4. febrúar 2017 til 27. júní 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hún þess að héraðsdómur verði staðfestur um miskabætur.

### **Málsatvik og sönnunarfærsla**

- 6 Í ákæru er báðum ákærðu gefin að sök nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 4. febrúar 2017 í húsnæði að [...] í Reykjavík, haft samfarir við A, án hennar samþykkis, en ákærðu hafi beitt A ólögmatrí nauðung með því að notfæra sér ölvunarástand hennar og yfirburðastöðu sína, þar sem hún var stödd með þremur ókunnugum mönnum fjarri öðrum, auk þess sem ákærðu hafi nýtt sér yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni sökum aldurs- og þroskamunar. Eru brotin talin varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 7 Með dómi héraðsdóms var þriðji maðurinn, Z, sem upphaflega var einnig ákærður fyrir nauðgun í málinu, sýknaður af sakargiftum þar sem brot hans var talið ósannað. Ákæruvaldið unir þeirri niðurstöðu. Þá fellir ákæruvaldið sig einnig við þá niðurstöðu héraðsdóms að ekki hafi verið sýnt fram á að atvik umrætt sinn hafi gerst fjarri öðrum og kemur sá þáttur í úrlausn hans því ekki til endurskoðunar fyrir Landsrétti.
- 8 Ákærðu neituðu báðir sök við þingfestingu málsins í héraði 27. maí 2019. Héraðsdómur mat framburð þeirra beggja ótrúverðugan um það sem máli skiptir. Framburður brotþola var á hinn bóginn talinn stöðugur og trúverðugur um ölvunarástand hennar þegar atvik urðu og jafnframt kemur fram í dómi héraðsdóms að hún hafi ávallt borið á sama hátt um að hún myndi illa hvernig hún fór milli herbergja á dvalarstað ákærðu. Þá þótti framburður brotþola um það sem hún þó myndi að því leyti vera stöðugur og trúverðugur, auk þess sem frásögn hennar fengi stuðning í gögnum málsins og vætti vitna.
- 9 Með hinum áfrýjaða dómi voru ákærðu dæmdir til að sæta fangelsi í þrjú ár, jafnframt því sem þeim var hvorum um sig gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 1.300.000 krónur með nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum.
- 10 Helstu atvikum málsins er nægilega lýst í héraðsdómi og þar er með viðhlítandi hætti rakinn framburður ákærðu og vitna.
- 11 Þótt ákærðu hafi báðir neitað sakargiftum í ákæru kannast þeir við að hafa haft samræði við brotþola umrætt sinn en segja það hafa verið með fullum vilja hennar. Ákærðu hafna því að þeir hafi beitt brotþola einhvers konar ofbeldi. Jafnframt hafna

þeir því að hafa beitt hana ólögumætri nauðung með því að nýta sér ölvunarástand hennar og yfirburðastöðu sína, svo sem byggt er á í ákæru.

- 12 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar upptökur í hljóði og mynd af framburði beggja ákærðu, brotþola og vitnisins Z við aðalmeðferð málsins fyrir héraðsdómi.

### **Niðurstaða**

- 13 Ákærði Lukasz byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að ákæra málsins sé óljós og ónákvæm og torveldi honum að verjast henni. Ákæran beri merki um orðalag 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga eins og það er nú en það hafi tekið gildi eftir að ætlað brot átti sér stað, meðal annars að því er varðar samþykki til kynmaka. Rök ákærða að þessu leyti verður að skilja þannig að hann telji að ætluðu broti sé þar ekki réttilega lýst með tilliti til refsinnæmis verknaðarins á þeim tíma sem það var framið, heldur taki ákæran mið af refsinnæmi samkvæmt lögum sem tóku gildi síðar. Jafnframt sé þáttur ákærðu hvers um sig ekki nægilega aðgreindur í ákæru. Ákærði vísar til þess að framburður hans hafi verið stöðugur frá upphafi og fái frásögn hans stöð í framburði ákærða Tomasz, vitnisins Z og brotþola. Brotþoli hafi hins vegar verið samhengislaus í frásögn sinni.
- 14 Af hálfu ákærða Tomasz er vísað til þess að brotþoli hafi hvorki þegar atvik urðu né síðar látið að því liggja að samræði þeirra, sem brotþoli hafi átt frumkvæði að, hafi verið gegn vilja hennar og yrði það hvorki ráðið af óljósum og brotakenndum framburði hennar né gögnum málsins. Ákærði andmælir því jafnframt að honum hafi verið kunnugt um ungan aldur brotþola en hann hafi talið að hún væri nokkuð eldri eða á aldur við félag ákærðu, Z, sem þá hafi verið [...] ára. Þá telur ákærði ekkert benda til þess að brotþoli hafi verið undir umtalsverðum vímuáhrifum umrædda nótt.
- 15 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um að orðalag ákæru verði að skilja þannig að ekki sé af hálfu ákæruvaldsins byggt á samverknaði ákærðu, þótt aðstæðum sé þar lýst sameiginlega og brot ákærðu talin hafa átt sér stað á sama stað og tíma. Verður efni ákærunnar að því leyti ekki talið svo óljóst eða ónákvæmt að það geti torveldað varnir ákærðu í málinu.
- 16 Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar verður engum gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Þessi grundvallarregla kemur einnig fram í 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur er með lögum nr. 62/1994 þar sem segir að engan skuli telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, ekki varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þegar þau voru framin.
- 17 Í 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga segir aftur á móti að hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skuli dæma eftir nýrri lögnum, bæði um refsinnæmi verknaðar og refsingu. Aldrei megi þó dæma refsingu,

nema heimild hafi verið til þess í lögum þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Í ljósi framangreindra ákvæða stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu verður ákvæði 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga túlkað þannig að sé refsíákvæði breytt eftir að verknaður var framinn verði dæmt um háttsemina eftir hinu nýja ákvæði sé það sakborningi í hag en annars verði aðeins á því byggt að því leyti sem inntak áður gildandi ákvæðis hafi verið hið sama, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 28. janúar 1998 í máli nr. 225/1998 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 18. febrúar 2020 í máli Jidic gegn Rúmeníu.

- 18 Orðalag ákæru er þannig að ætla má að það taki mið af orðalagi 194. gr. almennra hegningarlaga eftir breytingar sem gerðar voru á því með lögum nr. 16/2018. Hins vegar verður ráðið af athugasemdum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/2007 um breytingu á almennum hegningarlögum, sem í gildi voru þegar hið ætlaða brot var framið, að meginmarkmið þeirra breytinga hafi í reynd verið að draga úr áherslu á verknaðaraðferðir og leggja í staðinn áherslu á það að með brotinu séu höfð kynmök við polanda án samþykkis hans og þannig brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi hans í kynlífi. Jafnframt verður ákærði samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga ekki dæmdur fyrir aðra háttsemi en þá sem þágildandi ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga lýsti refsinaema. Samkvæmt því verður hvorki talið að ákæra í málinu sé að þessu leyti haldin þeim ágöllum að það varði frávísun málsins frá dómi af sjálfsdáðum á grundvelli c-liðar 152. gr. laga nr. 88/2008 né að efni hennar sé með þeim hætti að sýkna beri ákærða þegar af þeirri ástæðu.
- 19 Svo sem rakið er í dómi héraðsdóms ber ákærðu og brotþola saman um atburðarás í meginatriðum, þótt helst beri í milli í frásögnum þeirra við hvorn ákærðu hún hafði fyrst kynmök. Fallist er á það með héraðsdómi að ekkert sé komið fram í málinu sem bendi til þess að lýsing ákærðu á röð atvika sé röng og því verður lagt til grundvallar að hún hafi fyrst haft kynmök við ákærða Tomasz en síðan við ákærða Lukasz.
- 20 Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á neyðarmóttöku Landspítala 4. febrúar 2017 kemur fram að læknisskoðun á brotþola hafi farið fram klukkan 14.30 sama dag. Jafnframt segir þar að tekin hafi verið sýni bæði úr þvagi og blóði brotþola til eiturefnarannsóknar. Samkvæmt verkbeiðni til rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði voru blóðsýni tekin klukkan 13.30 og 14.28 en þvagsýni klukkan 13.45 sama dag. Af niðurstöðu matsgerðar rannsóknastofunnar er ljóst að etanól mældist hvorki í þvag- né blóðsýnum úr brotþola.
- 21 Við komu á neyðarmóttöku Landspítala að morgni 4. febrúar 2017 lýsti brotþoli ölvunarástandi sínu með þeim orðum að hún teldi sig hafa verið „talsvert drukkna“ þegar hún fór með ákærðu og Z heim til þeirra en fengið sér „nokkra sopa“ eftir að hún kom þangað og ekki alveg muna hvað gerðist. Brotþoli bar um það bæði í skýrslu sinni hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi að hún hefði verið ölvuð umrætt sinn. Við skýrslutöku í héraði kvaðst hún hafa drukkið að minnsta kosti þrjá drykki á bar í

miðbænum fyrr um kvöldið en þar áður drukkið þrjú til fjögur „skot“. Í skýrslu brotaþola hjá lögreglu sama dag er haft eftir henni að hún hafi farið af barnum klukkan hálf tvö eða tvö um nóttina ekki löngu áður en hún hitti ákærðu.

- 22 Í hinum áfrýjaða dómi er rakinn framburður beggja ákærðu um ölvunarástand brotaþola, bæði hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi. Svo sem þar greinir drógu ákærðu báðir úr lýsingum sínum að þessu leyti í skýrslum sínum fyrir héraðsdómi frá því sem kemur fram í lögregluskýrslum þeirra. Vitnið Z bar við skýrslutöku hjá lögreglu að brotaþoli hefði verið ölvuð þegar atvik urðu og að hann hefði ekki viljað skilja hana eftir í bænum „í þessu ástandi“. Þegar hann var síðar í skýrslutökunni spurður nánar út í ölvunarástand hennar kvað hann það hafa verið „[s]vona meðal“. Hann bar á sama veg í skýrslu sinni fyrir héraðsdómi og tók þá fram að brotaþoli hefði drukkið vodka, verið ölvuð og ekki í góðu ástandi.
- 23 Þrátt fyrir að hvorki hafi mælst etanol í blóði né þvagi brotaþola við framangreinda eiturefnarannsókn, verður, í ljósi framburðar beggja ákærðu um að brotaþoli hafi verið nokkuð ölvuð umrætt sinn, sem fær jafnframt stoð í skýrslum brotaþola og Z, allt að einu lagt til grundvallar að ölvunarástand brotaþola hafi verið með með þeim hætti að báðum ákærðu hafi mátt vera það ljóst að hún var ölvuð. Þá verður ekki litið fram hjá því sem fram kom í skýrslum beggja ákærðu fyrir héraðsdómi í svörum þeirra við spurningum um hvort þeir hefðu ekki leitt hugann að því að aðstæður umrætt sinn hefðu ef til vill ekki verið eðlilegar miðað við ungan aldur brotaþola og ölvun hennar. Ákærði Lukasz svaraði því til að hann hefði hugsað um það „þegar alkóhólið rann af mér, en þá undir áhrifum var ég ekki að hugsa út í það“. Ákærði Tomasz tók fram að hann hefði verið undir áhrifum áfengis og „kannski ekki að svona hugsa eins og ég væri allsgáður“. Taldi hann sig myndu hafa metið aðstæður öðruvísi ef hann hefði verið allsgáður og þá örugglega stöðvað brotaþola.
- 24 Brotaþoli var á [...] ári þegar atvik urðu. Í málinu liggur frammi upptaka í hljóði og mynd af skýrslu sem hún gaf hjá lögreglu síðar sama dag. Dómarar málsins hafa kynnt sér efni upptökunnar og er það mat þeirra að útlit brotaþola hafi verið í samræmi við aldur hennar. Að þessu gættu og jafnframt með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á þá niðurstöðu hans að þegar atvik urðu hafi báðir ákærðu mátt vita að brotaþoli væri enn barn að aldri.
- 25 Þótt fram hafi komið að framburður brotaþola hafi ekki verið skýr um öll atvik málsins og þá einkum um það við hvorn ákærðu hún hefði haft samfarir fyrst hefur framburður hennar verið stöðugur og trúverðugur um að hún hafi verið ölvuð, að frumkvæði að samförunum hafi komið frá ákærðu og að hún hafi ekki viljað hafa samræði við þá.
- 26 Svo sem getið er í hinum áfrýjaða dómi neitaði ákærði Tomasz því við upphaf skýrslutöku hjá lögreglu að hafa haft samfarir við brotaþola. Þegar honum hafði verið kynntur framburður annarra sakborninga síðar í skýrslutökunni, breytti hann framburði sínum á þann veg að hann kannaðist við að hafa haft samræði við brotaþola

en kvað það hafa verið bæði með vilja hennar og að hennar frumkvæði. Framburður Tomasz hefur að vissu marki verið óstöðugur auk þess sem hann hefur lýst málsatvikum að nokkru leyti á annan hátt en ákærði Lukasz og vitnið Z. Framburður ákærða Lukasz hefur hins vegar verið stöðugur um það frá upphafi að hann hafi haft samfarir við brotþola en að það hafi verið með vilja hennar og að hennar frumkvæði.

- 27 Brotþoli hefur frá upphafi borið á þann veg að hún hafi ekki viljað hafa samfarir við ákærðu en hún hefði frosið þegar þeir byrjuðu að klæða hana úr fötunum þegar hún var inni í herbergjum þeirra og að henni hafi fundist hún vera „bara í einhvern veginn hættu“. Þá bar hún að ákærðu hefðu verið ágengir, þótt þeir hefðu ekki verið ógnandi. Vitnið E kvað brotþola hafa hringt í sig mjög snemma morguns eftir að atvik urðu og þá verið í uppnámi, ringluð og liðið mjög illa. Brotþoli hafi einhverju síðar lýst atvikum þannig að hún hefði frosið og beðið eftir að mennirnir tveir lykju sér af. Þá kom fram í vætti K, hjúkrunarfræðings á neyðarmóttöku, fyrir dómi að við komu þangað hefði brotþoli verið mjög miður sín og liðið mjög illa en frásögn hennar hafi verið skýr. Brotþoli hefur verið greind með [...] og hefur jafnframt greinst [...]. Svo sem fram kemur í vottorði L sálfræðings 13. september 2018 er brotþoli hvatvís og á mjög erfitt með að lesa í félagslegar aðstæður og meta hættur sökum [...]. Þegar litið er til framangreinds og allra aðstæðna, einkum þess að brotþoli var ein á heimili þriggja ókunnugra manna, sem allir voru eldri en hún, eru ekki efni til að draga í efa frásögn hennar um að hún hafi hvorki viljað hafa kynmök við ákærðu né átt frumkvæði að þeim sem og að hún hafi verið hrædd og að henni hafi fundist ákærðu vera ágengir.
- 28 Fyrir liggur að ákærði Tomasz var 36 ára þegar atvik áttu sér stað en ákærði Lukasz var 31 árs. Eins og komið er fram er það mat dómsins að af upptöku í hljóði og mynd sé ljóst að útlit brotþola hafi verið í samræmi við aldur hennar en hún var þá [...] ára. Liggur því fyrir að þroskamunur ákærðu annars vegar og brotþola hins vegar var mikill og jafnframt er leitt í ljós og óumdeilt að brotþoli þekkti ákærðu ekkert áður en hún kom, undir áhrifum áfengis og með öðrum manni, á heimili þeirra aðfaranótt 4. febrúar 2017. Við þessar aðstæður og að öðru leyti með vísan til alls framangreinds og þeirra takmörkuðu samskipta ákærðu og brotþola, sem þeir hafa sjálfir lýst, verður að fallast á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um að framburður beggja ákærðu um vilja brotþola til kynmakanna og frumkvæði hennar að þeim sé ótrúverðugur.
- 29 Ákærði Tomasz byggir sýknukröfu sína meðal annars á því að rannsókn málsins hafi um margt verið áfátt. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákærvaldinu en samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti. Á grundvelli þess sem að framan er rakið, sem og með vísan til forsendna héraðsdóms að öðru leyti, telst sannað, gegn neitun beggja ákærðu, Lukasz Soliwoda og Tomasz Walkowski, að þeir hafi gerst sekir um nauðgun með

því að hafa hvor í sínu lagi haft samfarir við brotþola gegn vilja hennar og til þess beitt brotþola ólögmati nauðung með því að notfæra sér yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni sökum aldurs- og þroskamunar og þeirra aðstæðna sem hún var í þar sem hún var ein og ölvuð með þremur ókunnugum og sér eldri mönnum á heimili þeirra. Brot ákærðu eru í ákæru réttilega heimfærð til 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. sömu laga.

- 30 Brot ákærðu voru framin 4. febrúar 2017 og voru tekin til rannsóknar hjá lögreglu sama dag. Eðlilegur gangur virðist hafa verið í rannsókn málsins fram í miðjan maí sama ár en eftir það verður óútskýrt hlé á rannsóknaraðgerðum í um 10 mánuði. Rannsókn var fram haldið í byrjun mars 2018 en ekki lokið fyrir en málið var sent til héraðssaksóknara með bréfi 8. október 2018. Ákæra var loks gefin út 2. maí 2019 og voru þá liðnir 27 mánuðir frá því að rannsókn hófst og sjö mánuðir frá lokum hennar. Ekki hafa komið fram neinar skýringar á þessum drætti á rekstri málsins.
- 31 Með vísan til röksemda héraðsdóms fyrir refsingu ákærðu og að teknu tilliti til 1. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga sem og a-liðar 195. gr. sömu laga og þess óhóflega dráttar sem varð á málsmeðferðinni, sem ákærðu verður ekki kennt um, þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Á hinn bóginn verður fallist á það með héraðsdómi að vegna alvarleika brota ákærðu séu ekki efni til að skilorðsbinda refsingu þeirra.
- 32 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest ákvæði hans um skyldu ákærðu til greiðslu miskabóta. Þykir fjárhæð þeirra hæfilega ákvörðuð eins og í dómsorði greinir.
- 33 Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest.
- 34 Ákærði Lukasz verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar lögmanns, fyrir Landsrétti sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir. Ákærði Tomasz verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar lögmanns, fyrir Landsrétti sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir. Ákærðu, Lukasz og Tomasz, greiði hvor um sig helming annars áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talda þóknun réttargæslumanns brotþola, Hilmars Gunnarssonar lögmanns, sem telst hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Lukasz Soliwoda, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði, Tomasz Walkowski, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærðu, Lukasz Soliwoda og Tomasz Walkowski, greiði hvor fyrir sitt leyti brotþola, A, 1.500.000 krónur með vöxtum eins og dæmdir voru í héraði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði Lukasz greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar lögmanns, fyrir Landsrétti, 1.600.000 krónur.

Ákærði Tomasz greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar lögmanns, fyrir Landsrétti, 1.600.000 krónur.

Ákærðu greiði hvor um sig 302.390 krónur vegna annars áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talinn helming þóknunar réttargæslumanns brotaþola, Hilmars Gunnarssonar lögmanns, sem samtals nemur 498.945 krónum.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 2019**

Mál þetta, sem dómtekið var 4. október sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 2. maí 2019 á hendur: „Z, kennitala [...], [...], Reykjavík, Lukasz Soliwoda, kennitala [...], [...], Reykjavík og Tomasz Walkowski, kennitala [...], [...], Reykjavík fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 4. febrúar 2017 í þremur herbergjum að [...] í Reykjavík, haft samfarir og önnur kynferðismök við A, kennitala [...], án hennar samþykkis, en ákærðu beittu A ólögumatri nauðung með því að notfæra sér ölvunarástand hennar og yfirburðastöðu sína, þar sem stúlkan var stödd með þeim þremur ókunnugum mönnum fjarri öðrum, auk þess sem ákærðu Lukasz og Tomasz nýttu sér yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni sökum aldurs- og þroskamunar en ákærðu Lukasz og Tomasz höfðu samfarir við A og ákærði Z lét hana hafa við sig munnmök.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða henni miskabætur, in solidum, að fjárhæð kr. 5.000.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 4. febrúar 2017 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því bótakrafa var kynnt ákærðu og dráttarvaxta eftir þann dag samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar fyrir réttargæslu að mati dómsins samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.“

Ákærðu krefjast þess aðallega að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að þeir verði dæmdir til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefjast þeir þess aðallega að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara að þeir verði sýknaðir af bótakröfu en til þrautavara að hún verði stórlega lækkuð. Þá krefjast verjendur ákærðu hæfilegra málsvarnarlauna er, auk sakarkostnaðar, greiðist úr ríkissjóði.

#### I

#### *Málsatvik*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst henni klukkan 12.55, laugardaginn 4. desember 2017, tilkynning um ætlaða nauðgun og hittu lögreglumenn brotaþola, A, og móður hennar, B á slysideild. Í skýrslu lögreglu er það rakið að brotaþoli hafi verið skýr í tali en átt erfitt með að muna nákvæmlega hvað gerðist en hafi staðfest að þrír menn hefðu nauðgað henni um nóttina. Hún kvaðst hafa kynnst [...] ára [...] pilti og farið í bifreið með honum og þau endað í fjölbýlishúsi rétt við [...]. Þar hefði henni verið nauðgað

af þessum pilti og tveimur fullorðnum, [...] karlmönnum. Á meðan lögreglumenn ræddu við brotaþola barst henni vinabeidni og skilaboð frá áðurnefndum pilti og stóð í skilaboðunum „Hey“. Brotaþoli sýndi lögreglumönnum síðu hans og kom þá fram nafn ákærða Z og aldur. Brotaþoli benti lögreglu á fjölbýlishús í [...] sem hún taldi vera vettvang brotsins. Sagði hún atvik hafa gerst niðri í kjallara í stigaganginum í miðjunni. Þar væru herbergi í útleigu og hefði verið brotið gegn henni í þremur herbergjum. Þá lýsti hún hinum karlmönnum tveimur svo að þeir væru um þrítugt, frekar feitir, annar með stutt ljóst hár en hinn með stutt dökkt hár. Ákærðu voru handteknir sama dag vegna rannsóknar málsins. Móðir brotaþola lagði fram kæru vegna málsins sama dag og fór þá fram leit á vettvangi og kom lýsing brotaþola heim og saman við aðstæður þar. Var lagt hald á rúmfatnað og teknar voru ljósmyndir á vettvangi.

Skýrsla var tekin af brotaþola sama dag og einnig 10. september 2018. Brotaþoli lýsti atvikum svo að hún hefði verið niðri í bæ með vinum sínum, C og D, og farið á bar. Hún hefði orðið eftir í bænum eftir að þau fóru heim og hafi líklega um klukkan hálf tvö farið að leita að leigubifreið og þá hitt ákærða Z sem allt í einu hefði farið að tala við hana. Hún hafi sagt honum að hún ætlaði heim en hann hafi ekki leyft henni það. Þau hafi verið fyrir framan [...] þegar Z hringdi í vini sína sem sóttu þau. Z hafi sagt henni að þeir ætluðu að skutla henni heim en þess í stað hafi þau farið heim til ákærðu. Þar hafi þau verið að spjalla saman og hún og Z hafi farið að kyssast. Síðan hafi annar maðurinn farið með hana inn í annað herbergi og hafi hann sagt henni að hann ætlaði að sýna henni herbergið sitt. Þar hafi hann byrjað á því að kyssa hana og fært hana úr fötunum en hún hafi ekki streist á móti. Hann hafi snert brjóstin á henni, sett fingur í leggöng hennar, sleikt á henni kynfærin og nauðgað henni. Hann hafi haft samfarir við hana og þá verið ofan á henni. Sá maður hafi verið með ljóst hár, smá skegg, feitlaginn, um þrítugt og klæddur í gallabuxur og bol. Síðan hafi verið bankað á dyrnar og hafi maðurinn þá klætt sig en hún hafi ekki fundið fötin sín og því verið nakin. Eftir stutta stund hafi hún farið inn í herbergið sem hún var í áður og þar hafi verið annar maður. Hann hafi farið úr fötunum og farið ofan á hana og haft samfarir við hana. Hann hafi einnig fært hana í aðra stellingu á meðan. Sá hafi verið með brúnt hár og með gel í hárinu, með keðju um hálsinn og í hvítum nærból. Ákærðu hafi síðan allir verið komnir inn í miðjuherbergið en Z hafi síðan farið með hana inn í hans herbergi. Hún muni ekki hvort þau sváfu saman en hann hafi látið hana hafa munnmök við sig. Hún hafi síðan sagt við hann að hún þyrfti að fara heim og hafi hann ekki viljað leyfa henni að fara. Hún hafi náð að koma sér út og hringja í móður sína sem hafi komið og sótt hana. Z hafi farið með henni út. Kvaðst hún halda að hann hefði áður sótt fötin hennar. Þau Z hafi talað saman á ensku en hann hafi enga íslensku talað.

Í síðari skýrslunni sagði brotaþoli m.a. að þegar fyrri maðurinn hefði sótt hana til að sýna henni herbergið sitt hefði hún ekki mótmælt en frosið. Hún hafi verið orðin frekar drukkin og kærulaus og ekki áttað sig á hættunni eða vitað hvað var í gangi. Hefði hún ekki talað skýrt og hreyfingar hennar bent til þess að hún væri drukkin. Hann hefði átt að átta sig á því hvað hún var drukkin. Það næsta sem hún muni sé að hún hafi verið á rúminu og hann verið að klæða hana úr fötunum. Lýsti hún ástandi sínu þetta kvöld svo að hún hefði verið verulega drukkin. Á meðan á þessu stóð hefði einhver bankað á dyrnar. Henni hafi liðið illa á meðan á þessu stóð og langað að komast burt en hún viti ekki af hverju hún sagði ekki neitt. Aðspurð hvort hún hefði verið beitt þvingunum sagði brotaþoli: „óréttlætistilfinning, mjög mikið...“ Henni hafi liðið eins og hann væri mikið að notfæra sér að hún var drukkin, hann vissi að hann myndi ekki komast upp með þetta ef hún hefði verið edrú. Hún hafi legið á bakinu hreyfingarlaus og ekki tekið neinn þátt í þessu. Svo hafi annar ákærðu náð í hana og þau farið aftur inn í miðjuherbergið og þá hafi hún sagt við hann nokkrum sinnum „we shouldn't be doing this“ en hann hafi ekki hlustað á hana. Aðspurð hvort hann hefði beitt hana þvingunum sagði brotaþoli: „Með því að vera að hamast á mér.“ Einnig með því að hafa haft við hana samræði án samþykkis eða án þess að hún væri í réttu standi til að samþykkja það. Hana hafi ekki langað að vera þarna en ákærði hafi lokað og læst dyrunum og klætt sig úr og farið að klæða hana úr. Þegar ákærði læsti dyrunum hafi hún fundið að hún ætti að gera eitthvað, fara eða öskra á hjálp, en einhvern veginn „leyfir heilinn í manni það ekki“. Hún kvaðst ekki muna hvernig það kom til að hún var komin yfir í þetta herbergi. Aðspurð hvers vegna hún hefði ekki barist á móti sagði brotaþoli að hún hefði fundið að

það mundi geta gert allt verra og hún yrði þá kannski beitt þvingunum og hefði því metið það svo að það væri best að gera það ekki.

Ákærði Z gaf skýrslu við rannsókn málsins. Þar kom fram að hann hefði hitt brotþola niðri í bæ fyrir utan skemmtistað. Þau hafi farið að kyssast og það hafi endað með því að brotþoli hafi haft við hann munnmök utandyra. Þau hafi síðan farið inn á skemmtistað og þar hafi hún einnig veitt honum munnmök inni á salerni. Þau hafi síðan farið út og þá hafi ákærði Tomasz hringt í hann og síðan sótt þau við [...]. Brotþoli hafi ekki viljað fara heim og hafi Z spurt Tomasz hvort hún mætti gista hjá honum þar sem hún væri svo ölvuð og hafi Tomasz samþykkt það. Þau hafi öll farið heim til ákærðu í [...] og farið inn í herbergi Tomaszar. Þar hafi brotþoli klætt sig úr peysu og brjóstahaldara. Lukasz hafi fljótlega farið út úr herberginu og þá hafi Tomasz beðið Z að fara út að reykja í um tíu mínútur af því að Tomasz ætlaði að vera með brotþola og hafi Z haldið að hann ætlaði að hafa mök við hana. Þegar hann kom inn aftur hafi hann séð að brotþoli fór nakin inn til Lukaszar og var þar í um tíu mínútur. Hún hafi sagt við Tomasz að hún væri gröð. Brotþoli hefði síðan komið inn til Z. Hún hafi klætt hann úr buxunum og veitt honum munnmök. Stuttu eftir það hefði hún viljað fara og klætt sig í fötin og farið út. Z kvaðst hafa farið út með henni og gengið með henni að strætóskýli en þangað hefði móðir hennar sótt hana. Hann sagði að brotþoli hefði verið mjög ölvuð og að hann hefði ekki vitað hvað hún væri gömul fyrr en Tomasz hefði sagt honum þegar þau voru komin heim að hún væri [...] ára.

Ákærði Lukasz gaf skýrslu við rannsókn málsins. Hann kvaðst hafa farið niður í bæ með meðákærðu. Þeir hefðu farið inn á skemmtistað en Z hefði ekki verið hleypt inn. Þar hefðu hann og Tomasz drukkið áfengi. Tomasz hefði svo hringt í Z sem hefði þá verið búinn að hitta einhverja stelpu. Þeir hafi síðan náð í Z og brotþola og hafi Tomasz spurt brotþola hvort hún vildi koma með þeim og hafi hún viljað það. Þau hefðu farið heim til ákærðu og verið í herbergi Tomaszar. Eftir um 10-15 mínútur hafi hann farið inn í sitt herbergi, sem var við hliðina á herbergi Tomaszar, og sofnað. Hann hafi vaknað við raddir frammi á gangi og hafi brotþoli síðan komið inn til hans nakin en með sæng yfir sér að framan. Hún hafi komið í rúmið til hans og fjarlægst sængina. Hann hafi þá farið úr bol en brotþoli klætt hann úr að neðan. Þau hafi síðan haft kynmök og hafi brotþoli ekki reynt að verjast því. Eftir að þau höfðu haft mök í 25-30 mínútur hefði verið bankað á dyrnar hjá honum og hefði hann þá skynjað á hegðun brotþola að hún vildi fara. Hún hafi síðan farið inn til Z og viti hann ekki hvað gerðist eftir það. Hann sagði brotþola hafa verið ölvaða og jafnvel á einhverju meira og kvaðst ekki hafa vitað hvað hún væri gömul.

Ákærði Tomasz gaf skýrslu við rannsókn málsins. Hann sagði ákærðu hafa farið saman niður í bæ og þeir Lukasz hefðu farið inn á skemmtistað en Z ekki verið hleypt inn. Þegar þeir fóru út hefði hann hringt í Z sem sagði að hann hefði kynnst stelpu sem væri jafngömul og hann og þau væru hjá [...]. Tomasz kvaðst hafa náð í þau og hafa ætlað að aka brotþola heim en hún hefði ekki viljað fara heim og því hafi þau farið heim til ákærðu og hafi brotþoli ekki sagt neitt við því. Þar hafi þau öll farið inn í herbergið hans og drukkið bjór. Móðir brotþola hafi ítrekað hringt í farsíma hennar en hún ekki viljað svara. Brotþoli hafi síðan farið inn í herbergi með Z og hann hafi farið að sofa.

Eftir að framburður annarra sakborninga var borinn undir Tomasz breytti hann framburði sínum og viðurkenndi að hafa haft samfarir við brotþola. Þau hefðu verið inni í hans herbergi og Z hefði farið út að reykja. Hann hafi þá lokað dyrunum og hafi stúlkan komið að honum og byrjað að kyssa hann og klætt sig úr fötunum og hafi hann þá einnig farið að klæða sig úr. Þau hafi síðan haft samfarir og hafi brotþoli sagt að það væri í lagi, einnig hafi komið fram hjá henni að hún væri „very horny“. Z hafi síðan bankað á dyrnar hjá honum og Lukasz hefði einnig komið inn í herbergið. Tomasz hafi þá sagt við brotþola að hún ætti að fara og „skoða herbergið hjá Lukaszi“ og hafi hann sagt þetta til að Lukasz og brotþoli gætu haft kynmök. Tomasz sagðist ekki hafa vitað hvað brotþoli var gömul og neitaði því að hafa sagt Z þegar þeir komu heim að hún væri [...] ára. Þá sagði hann að brotþoli hefði verið ölvuð og að hún hefði verið „alkóhólsljóvguð“.

Við rannsókn málsins var einnig tekin skýrsla af móður brotþola, B, og E, [...] brotþola, en ekki er talin ástæða til að rekja efni þeirra.

Þá liggur m.a. fyrir skýrsla Neyðarmóttöku um komu brotþola þangað 4. desember 2017, tvö vottorð F sálfræðings, vottorð Barnahúss vegna meðferðar brotþola þar, matsgerð rannsóknarstofu HÍ í

lyfja- og eiturefnafræði um niðurstöðu rannsóknar blóð- og þvagsýnis frá brotaþola og niðurstaða alkóhólrannsóknar sem sýndi að alkóhól var ekki í blóði brotaþola þegar blóðsýni var tekið úr henni á neyðarmóttöku. Einnig liggja fyrir skýrslur tæknideildar um rannsókn á vettvangi, auk ljósmynda af vettvangi og teikningu af húsnæði, og skýrslur um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærðu og [...].

## II

### *Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi*

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði, Z, lýsti atvikum svo fyrir dómi að þeir hefðu verið þrír saman niðri í bæ þetta kvöld að skemmta sér. Lukasz og Tomasz hefðu farið inn á bar en hann ekki komist inn. Þar fyrir utan hefði hann séð brotaþola fyrst og hefði hún nálgast hann og þau farið að spjalla. Brotaþoli hefði verið undir áhrifum áfengis þegar hann sá hana. Þau hafi verið saman niðri í bæ, farið að kyssast og farið m.a. á milli húsa og verið að kyssast þar. Einnig hafi þau farið inn á bar af því að brotaþoli vildi fara á salernið en síðan hafi komið í ljós að hún vildi það ekki heldur hafi hún tekið niður buxur hans og veitti honum munnmök. Eftir þetta hafi þau farið að [...] og stuttu seinna hafi Tomasz hringt og spurt hvar hann væri og í kjölfar þess komið og sótt þau. Í því símtali eða síðar sé líklegt að hann hafi sagt Tomasz hvað hefði gerst milli hans og brotaþola. Hann hafi, í bifreiðinni, beðið Tomasz að spyrja brotaþola hvort hún vildi koma með þeim heim og hún viljað það. Á leiðinni heim hafi þau verið að kyssast og þegar þau komu heim hafi þau farið inn í hans herbergi og háttað sig og hafi hún farið úr öllum fötunum, þau kysst eitthvað og gert sig tilbúin til að fara að sofa. Stuttu seinna hafi Tomasz hringt og sagt honum að koma með brotaþola til sín. Hann hafi sagt henni að þetta hefði verið Tomasz og hann vildi fá þau yfir til sín. Hún hafi viljað fara og hafi farið á fætur og klætt sig. Það hafi ekki verið annað ákveðið en að þau sætu þar saman. Þegar þau komu í herbergi Tomaszar hafi Lukasz verið þar einnig. Þau hafi setið þar saman og spjallað og allt í einu hafi brotaþoli farið úr bolnum en hann muni ekki hvort hún fór einnig úr buxunum. Tomasz hafi svo sagt honum að fara út að reykja og ekki koma aftur fyrr en að liðnum 10-15 mínútum. Hann hafi farið en Lukasz hafi þá líklega enn verið í herberginu hjá Tomasz og viti hann ekki hvað gerðist meðan hann var í burtu og sér hafi ekki verið sagt hvað stæði til. Hann sagði brotaþola ekki hafa sýnt nein viðbrögð við því þegar hann fór úr herberginu en hann kvaðst ekki hafa sagt henni að hann ætlaði út. Hann hafi komið aftur inn um tíu mínútum seinna og hafi brotaþoli þá verið klædd. Hann og brotaþoli hafi þá farið inn í hans herbergi og háttað sig þar aftur. Kvað hann sig minna að brotaþoli hefði þá veitt honum munnmök en hann væri ekki viss. Hann hafi ekki neytt hana til þess heldur hafi hún viljað það. Hún hafi sýnt það með því að nálgast hann og taka niður buxur hans en hann hafi hjálpað henni við það. Hann hafi svo ætlað í háttinn en brotaþoli þá farið á fætur og sagt að hún ætlaði að hringja í móður sína og biðja hana að sækja sig. Hann hafi reynt að stoppa hana af og séð að hún var ölvuð og ekki í góðu ástandi. Hafi hann því boðið henni að gista frekar hjá sér og sofa þetta úr sér en hún hafi endilega viljað fara. Hún hafi hringt í móður sína og þau klætt sig og farið út og beðið þangað til móðir hennar kom. Móðir brotaþola hafi áður reynt að hringja í hana, hann viti ekki hve oft, en brotaþoli hafi ekki svarað.

Ákærði sagði að ekki hefði komið fram hjá brotaþola hvað hún væri gömul en hann hafi haldið að hún væri [...] eða [...] ára og hafi fundist hún líta þannig út. Kvaðst hann ekki vera viss um að það hefði komið til tals hvað hún væri gömul og ekki muna eftir að Tomasz hefði sagt sér það. Sjálfur tali hann ekki ensku og hafi hann reynt að tala íslensku við brotaþola og hafi það gengið sæmilega. Hann hafi beðið Tomasz að spyrja brotaþola hvort hún vildi koma með þeim heim, en Tomasz hafi talað við hana á ensku. Sagði ákærði að hann hefði viljað að hún kæmi með honum heim af því að hann hefði ekki viljað skilja hana eftir sökum þess að hún var ölvuð, vildi að hún gisti hjá sér svo að hún næði sér. Hann hefði verið hræddur um hana.

Aðspurður um tengsl sín við Tomasz sagði ákærði að hann væri nú ekki í neinum tengslum við hann en þeir hefðu áður verið vinnufélagar og hefðu í tvo til þrjá mánuði búið í sama húsi. Hann kvaðst hafa haft áhyggjur af því að skilja brotaþola eftir hjá Tomasz en eitthvað hefði aftrað sér frá því

að fara til baka en nú sæi hann mikið eftir að hafa ekki gert það. Hann viti ekki af hverju hann hefði áhyggjur, líklega af því að hann vissi ekki hvað væri að gerast. Ákærði kvaðst ekki hafa séð brotþola fara inn í herbergið til Lukaszar og ef það hefði gerst hefði það væntanlega verið á meðan hann var úti, en hann hefði einungis einu sinni farið út að reykja.

Beðinn að lýsa ölvunarástandi brotþola sagði ákærði að hann hefði séð mjög vel að hún var ölvuð. Hún hafi átt erfitt með gang en verið með meðvitund en ekki alveg meðvituð um það hvað hún væri að gera. Þess vegna hefði hann viljað að hún gisti en svo hefði ástandið breyst þegar þau fóru til Tomaszar. Ákærði sagði að brotþoli hefði ekki verið með símann hjá sér þegar þau fóru upp í rúm fyrst þegar þau komu heim. Hann hefði einhvern tímann á meðan hún var í [...] heyrt síma hennar hringja og síðan hringdi hún í móður sína skömmu áður en hún fór. Ákærði kvaðst hafa sent brotþola vinabeiðni á Facebook þegar þau voru á leiðinni á stoppistöðina og þá hafi hún gefið honum allar upplýsingar sem hann þurfti til þess. Hann hafi sent henni skilaboð í gegnum Facebook daginn eftir og þar sagt „hæ“. Hugsunin með skilaboðunum hafi verið að þetta væri byrjun á vináttu og hann hefði haldið að hún mundi senda „hæ“ til baka og þau færu að hafa samskipti.

Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem fram kom að Tomasz hefði sagt honum að brotþoli væri [...] ára, og kvaðst ákærði ekki muna eftir því en líklega hefði Tomasz sagt sér þetta. Einnig var borinn undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann sagði að fram hefði komið hjá Tomaszi að hann vildi að hann færi af því að hann ætlaði að hafa mök við brotþola og að hún hefði sagt að hún væri gröð. Ákærði kvaðst hafa sagt þetta í skýrslunni og þá hefði hann munað eftir þessu. Hann kvaðst vita að brotþoli hefði farið til Lukaszar. Þá kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa sagt í skýrslu sinni hjá lögreglu að hún hefði komið til hans nakin og verið hjá honum í um tíu mínútur. Þá sagði ákærði að hann hefði tosað niður um sig buxurnar áður en brotþoli veitti honum munnmök. Var honum þá kynnt að hann hefði áður sagt að brotþoli hefði klætt hann úr buxunum og sagði ákærði þá að hann væri mjög stressaður nú, þegar hann væri að gefa skýrslu fyrir dómi, og kvaðst hafa munað atvik betur þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins.

Ákærði kvaðst hafa verið ósáttur við að brotþoli hefði verið hjá Tomaszi og með samviskubit eftir að hafa skilið hana eftir hjá honum. Aðspurður hvort honum hefði, þrátt fyrir framangreindar lýsingar á ástandi hennar, fundist eðlilegt að hún hefði við hann munnmök sagði ákærði að hún hefði verið ölvuð en samt meðvituð um það sem gerðist. Hann hafi ekki neytt hana til að gera þetta. Ákærði bætti við að þar sem hann segði í skýrslu hans hjá lögreglu að hann hefði sagt að Tomasz hefði sagst ætla að hafa mök við brotþola á meðan ákærði færi í burtu virtist það fremur eins og lögregla hefði dregið þá ályktun. Tomasz hafi aldrei sagt af hverju hann ætti að fara og þetta komi ekki beint fram hjá Tomaszi. Þá kannaðist ákærði ekki við að hafa heyrt brotþola segja að hún væri gröð, eins og haft væri eftir honum í framburði hans hjá lögreglu. Hann muni það a.m.k. ekki núna, eða að hafa séð brotþola fara nakta til Lukaszar eins og hann hafi sagt hjá lögreglu. Þá muni hann ekki eftir að hafa séð þegar hún var að leita að fötum sínum.

Ákærði Lukasz Soliwoda kvaðst hafa verið búinn að búa á Íslandi í um mánuð þegar atvik gerðust og að hann talaði ekki íslensku en einhverja ensku. Hann hefði séð brotþola fyrst þegar hún settist í bifreiðina hjá honum og meðákærðu. Z hefði áður hringt og beðið Tomasz að sækja sig við [...] af því að hann hefði hitt stelpu. Þeir Tomasz hefðu þá verið á skemmtistað og Tomasz sagt honum að Z hefði hitt einhverja stelpu og þeir yrðu að fara, en þá hefði ekki komið fram að hún ætlaði að koma með þeim. Tomasz hafi byrjað að spjalla við brotþola og spurt hana að nafni og hvar hún ætti heima. Z hafi beðið Tomasz að spyrja hana hvort hún vildi fara með þeim og hún viljað það. Þegar þau voru á leiðinni hefði einhver hringt í brotþola en hún hefði ekki svarað símanum og sagt að hún vildi ekki tala við þann sem hringdi. Þau hefðu farið heim til þeirra í [...] og farið strax öll fjögur inn í herbergi hjá Tomaszi. Þar hefðu þau spjallað saman og drukkið bjór og Tomasz reynt að túlka fyrir brotþola það sem fram fór. Hann hefði ekki séð brotþola fara úr fötunum inni hjá Tomaszi. Einnig hefði Tomasz búið um sár sem brotþoli var með. Eftir smástund, kannski um 30 mínútur, hefði hann farið inn til sín og ætlað að fara að sofa og lagst upp í rúm. Eftir einhvern tíma hefði verið bankað hjá honum. Hann hefði opnað dyrnar og brotþoli komið inn. Hún hefði verið nakin en að hluta til skýlt sér með sæng.

Hann viti ekki hvernig það gerðist en þau hafi byrjað að kyssast, síðan hafi hann veitt henni munnmök og svo hafi þau haft samfarir. Hann viti ekki hvort þeirra hafi átt frumkvæðið að því að þau byrjuðu að kyssast en honum hafi fundist hún vera samþykkt því sem gerðist. Hann hafi lokað fram eftir að hún var komin inn svo að enginn kæmi inn.

Á meðan á þessu stóð hafi brotþoli sagt að hún vildi þetta ekki og spurt hvort hún gæti farið og hvort hann gæti opnað dyrnar fyrir henni. Hann hafi þá spurt hana ítrekað hvort allt væri í lagi og hafi hún svarað því að allt væri í góðu en hún vildi fara. Hann hafi þá tekið upp sængina, sem var á gólfinu, svo að hún gæti skýlt sér og opnað dyrnar svo hún gæti farið, en dyrnar hafi ekki verið læstar, einungis sé hægt að læsa þeim utan frá. Hann hafi orðið eftir í herberginu og viti ekki hvað gerðist eftir þetta. Um klukkan sex hafi hann vaknað við hávaða og þá séð Z fylgja brotþola út.

Ákærði sagði að brotþoli hefði, þegar hann sá hana, verið undir áhrifum áfengis en ekki miklum. Hann kvaðst ekki muna hvort fram hefði komið hvað hún væri gömul en fyndist eins og Z hefði sagt að hún væri jafngömul sér, [...] ára. Honum hafi fundist brotþoli líta út fyrir að geta verið 18 til 19 ára. Aðspurður um þann framburð Z að brotþoli og Z hefðu fyrst farið inn í herbergi Z sagði hann að hann myndi það ekki, það gæti eins verið. Einnig aðspurður hvort brotþoli hefði talað um að hún væri gröð sagði hann hana ekki hafa sagt það fyrir framan hann. Þá kvaðst hann hafa orðið undrandi þegar brotþoli kom og þau hefðu byrjað að kyssast og sagði hann að hann hefði örugglega tekið þessu öðruvísi ef hann hefði verið allsgáður. Þau hefðu ekkert talað saman fyrir en brotþoli hefði sagt að hún vildi ekki meira og vildi fara fram.

Aðspurður hvort einhver hefði bankað hjá honum á meðan brotþoli var þar sagðist ákærði ekki muna eftir því. Hann sagði að ölvunarástand brotþola hefði verið svipað og áður þegar hún kom til hans. Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir því að komið hefði til tals áður en hún kom til hans að eitthvað kynferðislegt hefði átt sér stað milli hennar og Z. Þá hafi hann heldur ekki vitað hvað hefði átt sér stað milli hennar og Tomaszar en komist að því daginn eftir. Fram hafi komið hjá Tomasz að brotþoli hafi viljað meira kynlíf og því hafi hann sýnt henni hvar dyrnar hjá ákærða væru og þá hafi hún bankað.

Ákærði sagði að hann hefði hugsað um það þegar áfengið rann af honum hvort þetta væri eðlilegt vegna aldursmunar og ölvunar en meðan hann var undir áhrifum áfengis hefði hann ekki hugsað um þetta. Þá sagði hann það ekki rétt sem fram kom hjá Tomazi, að hann hefði farið með brotþola yfir til sín. Ákærða var kynntur framburður Tomaszar þess efnis að brotþoli hefði farið á baðherbergið og Lukasz hefði verið frammi þegar hún kom til baka og brotþoli hefði sagt að hún væri „horny“ og þá farið með ákærða inn í herbergið, og sagði ákærði að þetta væri ekki rétt. Þá var ákærða kynntur sá framburður Tomaszar að þeir hefðu verið þrír í herberginu og brotþoli hefði sagt að hún væri „very horny“ og þá verið nakin og hefði Tomasz sagt við hana að hún gæti farið að skoða herbergið hjá Lukasz. Sagði ákærði að á þessari stundu hefði hann ekki verið með þeim heldur inni hjá sér. Þá hefði hann ekki verið viðstaddur þegar verið var að klæða hana úr eða hún var að klæða sig úr.

Ákærði sagði að Z hefði enn verið hjá Tomasz þegar hann fór. Þegar brotþoli hefði bankað á dyrnar hjá honum áður en þau höfðu mök hefði Z verið fyrir aftan hana og hefði hann séð brotþola fara inn í herbergi ákærða. Þá sagði ákærði að hann hefði verið undir áhrifum áfengis en hann myndi hvað gerðist. Honum hafi fundist að brotþoli væri undir áhrifum áfengis. Þegar ákærða var kynntur framburður hans hjá lögreglu, þar sem fram kom að hann hefði talið að hún væri jafnvel einnig undir áhrifum annars en áfengis, sagði ákærði að nú myndi hann ekki annað en að hún hefði verið undir áhrifum áfengis.

Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þess efnis að þau hefðu verið búin að hafa mök í 20-25 mínútur þegar bankað var hjá honum. Kvaðst hann þá muna eftir því en ekki hafa vitað hver bankaði og hann hefði ekki opnað. Þá kvaðst hann einnig muna þegar það var kynnt fyrir honum úr framburði hans hjá lögreglu að hann hefði skynjað líðan brotþola þegar var bankað. Hún hafi þá sagt skýrt að hún vildi hætta, en þá hafi þau verið að hafa mök, og spurt hann hvort hann gæti opnað dyrnar.

Ákærði Tomasz Walkowski kvaðst hafa verið búinn að búa á Íslandi í tvö og hálf ár þegar þetta gerðist. Kvaðst hann ekki tala íslensku en einhverja ensku. Hann lýsti atvikum svo að þeir þrír hefðu verið á bar í miðbænum en síðan fært sig yfir á annan sem Z hefði ekki komist inn á. Z hefði síðan hringt í hann

og sagt að hann væri hjá [...] og stúlka væri með honum og í kjölfar þess hefðu hann og Lukasz náð í þau. Z og brotapolí hafi sest í aftursæti bifreiðarinnar og hann spurt brotapolu hvar hún ætti heima og hvort hann ætti að skutla henni heim. Hún hafi neitað því og sagt að hún ætlaði með Z. Síðar í skýrslu sinni sagði ákærði að Z hefði beðið sig að spyrja brotapolu hvort hún vildi koma heim til þeirra. Brotapolí hafi verið með sár á hendi sem hann hreinsaði og setti plástur á þegar þau voru komin í herbergið hans. Á þessum tíma hafi móðir brotapolu verið að hringja í hana en hún hafi ekki svarað. Þegar þau voru í herbergi ákærða hefðu þau drukkið bjór og brotapolí setið á rúminu hjá Z og þau verið að kyssast. Lukasz hafi síðan farið inn í sitt herbergi og þau verið þrjú eftir. Þau hafi hlustað á tónlist í tölvunni og spjallað. Z hafi síðan farið út að reykja og brotapolí þá staðið upp og gengið að ákærða og kysst hann og byrjað að klæða sig úr. Þau hafi síðan haft kynmök. Á meðan hafi Z bankað á dyrnar en ákærði ekki opnað. Þegar kynmökunum lauk hafi brotapolí farið nakin inn á baðherbergi og þegar hún kom til baka hafi hún sagt að hún væri „very horny“. Ákærði hafi þá sagt við hana að hún gæti kíkt í herbergið hans Lukaszar og hafi hún tekið sæng ákærða og sett hana utan um sig og farið til Lukaszar. Þá sagði ákærði að hann hefði ekki tekið eftir því að brotapolí væri mjög ölvuð þegar hann sá hana við [...]. Z hafi sagt honum að brotapolí væri jafngömul honum og hann hefði vitað að Z var [...] ára og hafi því haldið að hún væri það einnig.

Aðspurður hvort Z hefði sagt honum áður að eitthvað kynferðislegt hefði gerst á milli þeirra svaraði ákærði að Z hefði sagt sér daginn eftir að þau hefðu haft munnmök á salerni á bar. Þegar þau komu í [...] hefðu þau farið beint inn í herbergi ákærða en ekki væri rétt það sem Z hefði sagt, að þau hefðu fyrst farið inn í herbergi Z en ákærði síðan hringt í þau. Þegar þau voru fjögur inni í herberginu og hún og Z voru að kyssast hefði hún tekið blússuna niður eins og hún vildi klæða sig úr en þeir stöðvað það.

Ákærði sagði að Lukasz hefði farið inn í herbergi sitt og Z þá ákveðið að fara út að reykja. Sagði hann rangt að hann hefði sagt Z að fara út. Þegar Z fór hefði ákærði staðið upp þar sem hann sat við dyrnar en hann þurfti að standa upp til að Z kæmist út. Þegar Z var farinn út hefði hann lokað dyrunum. Brotapolí hefði þá staðið upp og byrjaði kyssa hann og klæða sig úr fötunum en hann hefði klætt sig úr. Aðspurður hvort honum hefði fundist það sérstakt sagði ákærði að þetta væru ekki aðstæður sem kæmu upp daglega. Ákærði sagði dyrnar hafa verið læstar þegar Z bankaði en hann hefði læst þeim þegar atlot þeirra hófust. Hann hefði ekki opnað af því að hann hefði verið með brotapolu. Taldi hann ekki að Z hefði verið ósáttur við þetta þótt brotapolí hefði komið með honum heim. Þau hefðu bæði átt frumkvæði að samförunum en hún hefði byrjað að klæða sig úr og kyssa hann og lagst á rúmið. Hann hafi verið ofan á þegar þau höfðu samfarir. Brotapolí hafi farið nakin fram eftir þetta og á salernið. Þegar brotapolí kom til baka hefði hún sagt að hún væri gröð. Lukasz var þá í sínu herbergi og hafi hann sagt henni að fara til hans. Það hafi hann gert af því að hún hefði sagt að hún væri gröð og vildi meira kynlíf en hann ekki. Aðspurður af hverju hann hefði ekki frekar sent hana til Z sagði ákærði að hann hefði ekki vitað hvar Z var og að hann vissi ekki af hverju hann gerði þetta. Ákærði kvaðst ekki hafa séð brotapolu eftir að hún fór til Lukaszar en hugsanlega hefði hún komið til baka til að sækja fötin sín. Hann kvaðst hafa heyrt umgang á meðan brotapolí var hjá Lukasz og heyrt þau hafa mök en ekki heyrt bankað hjá Lukasz.

Ákærði sagði að brotapolí hefði komið honum eðlilega fyrir sjónir og vírst vita hvað hún væri að gera, t.d. ekki viljað svara þegar móðir hennar hringdi í hana. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann sagði að brotapolí hefði verið „alkóhólsljógvuð“ og sagði ákærði að sér hefði fundist það skrítið að hún skyldi koma til hans og byrja að kyssa hann og klæða sig úr en annars hefði hún virkað eðlileg og honum ekki dottið í hug að stöðva hana. Nánar aðspurður um ástand brotapolu sagði ákærði: „Ef hún er að gera þetta hlýtur hún að vita þetta.“ Þá var borinn undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann sagði að Z hefði sagt sér, þegar þau voru að fara inn í herbergi ákærða, að hann hefði stundað kynlíf með brotapolu í tröppum niðri í bæ. Ákærði kvaðst ekki muna þetta nú, en það gæti verið að hann hefði fengið að vita þetta þegar þau komu í [...]. Sagði ákærði að það hlyti að vera rétt sem hann sagði hjá lögreglu. Þá var borinn undir ákærða sá framburður hans hjá lögreglu að Z hefði komið fram eftir að ákærði hefði haft kynmök við brotapolu og sagði ákærði að nú myndi hann ekki eftir því. Þá sagði hann það ekki rétt sem kæmi fram í skýrslu hans hjá lögreglu að Lukasz hefði verið frammi þegar hann hefði sagt henni að fara með honum. Ákærða var kynnt að hann hefði sagt hjá lögreglu að þeir hefðu allir þrír verið frammi þegar brotapolí kom af salerninu, gagnstætt því sem hann hefði borið um fyrir dómi,

og sagði ákærði að hann myndi ekki nú að þeir hefðu þá verið þrír frammi. Dyrnar á bæði hans herbergi og herbergi Lukaszar hafi þá verið opnar og það kunni að vera að Lukasz hafi verið við dyrnar á sínu herbergi. Ákærði kvaðst ekki geta útskýrt af hverju hann hefði þegar hann var fyrst yfirheyrður neitað því að hafa haft kynmök við brotþola en sér hefði liðið furðulega eftir að hafa verið í fangaklefa. Hann hefði talið sig hafa haft mök við brotþola með hennar samþykki. Ákærði kvaðst einnig hafa verið undir áhrifum áfengis og hann hefði líklega metið aðstæður öðruvísi ef hann hefði verið allsgáður og örugglega stöðvað brotþola.

Vitnið A, brotþoli, kvaðst hafa farið með vinum sínum niður í bæ þetta kvöld. Hún hefði verið að drekka og týnt vinum sín og ætlað heim þegar hún hitti ákærða Z. Þau hefðu farið að spjalla saman og ganga um og farið í eitthvert horn þar sem þau kysstust. Z hafi svo hringt í vini sína og beðið þá að sækja þau og sagt henni að þeir væru að fara í partí og hann hafi endilega viljað að hún kæmi. Þau hafi verið sótt fyrir framan [...]. Hún hafi samþykkt að fara með þeim heim til ákærðu. Þar hafi þau farið í herbergi í miðjunni og verið þar að spjalla saman. Þar hafi hún og Z verið að kyssast en einnig hafi tveir aðrir menn verið þar. Annar þeirra hafi sagt henni að koma með sér og að hann ætlaði að sýna henni herbergið sitt. Hún hafi farið með honum þangað. Þar hafi hann klætt sig úr fötunum og einnig klætt hana úr fötunum. Hún hafi þá frosið og ekki langað til að gera þetta. Eftir smá tíma hefði hún heyrt mikið og harkalegt bank á dyrnar og þá hefði hún klætt sig og farið aftur inn í herbergið sem þau voru í upphaflega. Þar hafi hinn maðurinn verið og lokað dyrunum og byrjað að klæða sig úr fötunum. Hún kvaðst hafa sagt: „we shouldn't be doing this“. Hún hefði verið frekar ölvuð en kvaðst þarna hafa verið frekar róleg en ekki vitað alveg hvað væri í gangi og vitað að sig langaði ekki til að gera þetta. Maðurinn hefði klætt hana úr fötunum og haft samræði við hana. Eftir það hefði hún farið í herbergi Z en vissi ekki hvernig. Hún muni að þar hafi þau verið að spjalla og Z viljað að hún gisti hjá sér. Hún hefði sagt honum að hún þyrfti að fara heim, hana langaði að fara heim. Hann hefði komið í veg fyrir það einhvern veginn, lokað dyrunum og sagt henni að hún ætti að gista. Hún hafi fundið að hana langaði virkilega að komast út þannig að hún hefði hálfpartinn hlaupið út og verið snögg í hreyfingum og hlaupið í næsta strætóskyli en Z hefði elt hana þangað. Hún hefði fyrst hringt í frænku sína og svo móður sína og beðið hana að koma að sækja sig.

Brotþoli kvaðst hafa fengið sér þrjá drykki á barnum en hafa verið búin að drekka þrjú til fjögur skot áður og svo hefði hún drukkið bjór hjá ákærðu. Hún hafi verið mikið ölvuð þetta kvöld en hún hefði þá ekki verið von að drekka. Hún kvaðst muna það sem gerðist frekar vel en sumt ekki fullkomlega. Þau Z hafi talað saman á ensku en hann kunni ekki mikið í ensku og hafi þetta því verið frekar erfitt. Brotþoli sagði að ákærðu hefðu í raun látið hana vita eftir á það þeir væru að fara með hana heim til þeirra en hana hefði alveg langað til að fara í partí. Hún hafi ekki skilið hvað Z sagði í símann af því að hann hefði talað [...]. Í bifreiðinni hefði hún aðallega talað við Z og hún myndi ekki eftir að hafa þá talað við ákærða Tomasz, sem hefði ekið bifreiðinni. Hún muni ekki eftir að þeir hafi spurt hana að nafni eða hvar hún ætti heima. Þau hafi öll farið beint inn í herbergi Tomaszar en hún geti ekki útilokað að þau hafi farið fyrst inn í herbergi Z. Í herbergi Tomaszar hafi þau drukkið bjór og hlustað á tónlist. Z hafi spurt hana í hvaða skóla hún væri og hafi hún svarað [...]. Þegar þau tvö voru að ganga að [...] hefði hann spurt hana hvað hún væri gömul og hefði hún svarað að hún væri [...] ára og hefði Z sagt hinum mönnum það þegar þau voru í miðjuherberginu. Annar af eldri mönnum hafi síðan sagt við hana á ensku að hann ætlaði að sýna henni herbergið sitt og hefði hún skilið það svo að hann væri eitthvað búinn að „decorata“ það. Hún hafi farið með honum og þau sest á rúmið í herberginu og hann þá byrjað að klæða sig úr fötunum og síðan hana. Áður hafi þau talað eitthvað saman en hún muni ekki um hvað. Brotþoli kvaðst ekki hafa vitað hvað hún ætti að gera og ekkert sagt. Hún hafi séð að hann læsti dyrunum og þetta hafi allt gerst hratt. Hún hafi ekkert gert, einungis frosið. Hún hafi ekki viljað vera með mannum en fundist hún ekki geta sagt það og fundist eins og hún væri einhvern veginn í hættu. Hana hafi langað að fara en heilinn hefði ekki leyft henni það, hún hefði bara frosið. Maðurinn hafi síðan haft við hana samfarir en svo hafi verið bankað á dyrnar og hafi hún talið að það væri Z, heyrt rödd sem hún hefði talið að væri hans og að eitthvað var sagt sem hún skildi ekki. Stuttu síðar hafi maðurinn hætt kynmökunum og kvaðst hún halda að það hefði verið vegna þess að það var bankað. Maðurinn hafi þá byrjað að klæða sig og hafi hún þá einnig klætt sig en viti ekki hvort hún fór í öll sín föt. Hún hafi svo farið aftur í miðjuherbergið og hafi hinn maðurinn þá verið frammi

á ganginum og hafi hann einhvern veginn leitt hana inn í herbergið. Hún hafi sest á rúmið en hann læst dyrunum og byrjað að klæða sig úr fötunum en hún hafi sjálf klætt sig úr buxunum. Hún hafi alveg vitað hvað væri að fara að gerast og sér liðið eins og hún gæti ekki gert neitt við því, liðið eins og hún væri í hættu. Hún kvaðst hafa sagt við manninn fjórum sinnum að þau ættu ekki að gera þetta en hann hefði ekki hlustað. Brotapoli kvaðst ekki muna hvort þau kysstust en hún hefði ekki tekið þátt í því sem var að gerast, frosið bara eins og í hitt skiptið, horft út um gluggann og reynt að fara burt úr aðstæðum, aftengja sig aðstæðum og fara eitthvað annað í huganum. Hún hafi engan kynferðislegan áhuga haft á þessum tveimur mönnum, sem voru miklu eldri en hún. Maðurinn hafi haft við hana samfarir og klætt sig svo í fötin og hún klætt sig í fötin sín. Síðan hafi hún verið komin inn í herbergi Z en viti ekki hvernig hún komst þangað. Þar hafi Z kysst hana en ekkert annað kynferðislegt hafi gerst þar milli þeirra. Kvaðst hún ekki hafa haft munnmök við Z.

Brotapoli kvaðst muna eftir því að móðir hennar hefði verið að hringja í hana um nóttina þegar hún var heima hjá ákærðu og hún hefði ekki viljað svara af því að hún hefði verið mjög drukkin. Þegar hún var komin út hefði hún hringt í móður sína og beðið hana að sækja sig. Z hefði beðið með henni en farið áður en móðir hennar kom.

Brotapoli sagði að sér hefði liðið illa á meðan á þessu stóð. Henni hafi liðið eins og hún væri skítug eða ógeðsleg og eins og það væri verið að nota hana og aðstæðurnar. Þeir hafi verið að notfæra sér að hún var miklu yngri en þeir og að hún var mjög drukkin. Hún kvaðst halda að hún hefði getað hlaupið út eða hringt í einhvern eða kallað á hjálp en hún hefði ekki vitað hvað mundi gerast; hvort þeir mundu stöðva hana, og ákveðið að gera það ekki og látið þetta yfir sig ganga og viljað að þetta yrði búið sem fyrst. Fyrst á eftir hafi hún fengið mikla óraunveruleikatilfinningu, eins og hún væri ekki sjálf á staðnum. Móðir hennar hafi séð breytingu á henni og spurt hana hvort eitthvað hefði gerst en hún hafi ekki sagt henni frá þessu fyrr en daginn eftir. Eftir þetta hafi hún byrjað að drekka mikið og nokkrum mánuðum eftir þetta hafi hún farið að reykja daglega. Taldi hún að þessi atvik hefðu haft mikið að segja um það. Síðustu ár hafi hún reynt að gleyma þessu, glímt við [...]. Kvaðst hún telja að þessi atvik væru að einhverju leyti orsök þess.

Brotapoli kvaðst ekki hafa átt frumkvæði að því að því að kyssa Tomasz eftir að Z fór út að reykja. Þá sagði hún atvik ekki hafa gerst þannig að þegar hún kom af salerninu hefði hún sagt að hún væri gröð og þá farið með ákærða Lukaszi. Hún kvaðst vita að Z hefði farið út að reykja, líklegast á meðan á þessu stóð, en hún vissi ekki hvort Tomasz hefði beðið hann um það. Þá kvaðst hún ekki hafa bankað hjá Lukaszi með sængina utan um sig. Brotapola var kynnt að framburður hennar hvað þetta varðaði hefði verið annar hjá lögreglu og kvaðst hún þá ekki muna eftir því núna að hafa haft við Z munnmök í herberginu.

Brotapoli sagði að hún hefði verið drukkin, frekar dómgreindarlaus, kærulaus, frekar hæg í takti og hreyfingar hennar hefðu verið út um allt. Hún kvaðst kannast við að hafa meitt sig á hendi og hafa fengið plástur í herberginu sem hún var fyrst í. Brotapoli kvaðst hafa heyrt Z segja hinum að hún væri [...] ára. Þau hefðu þá verið í miðjuherberginu og talað þá saman á ensku. Þá hefðu þau einnig verið að tala um í hvaða skóla hún væri. Hún sagði ákærðu ekki hafa beitt sig þvingunum eða hótunum en hún hefði aldrei samþykkt þetta. Hún hafi verið með símann sinn með sér og hafi a.m.k. fundið hann einhvers staðar. Foreldrar hennar hafi bæði reynt að hringja í hana. Þá hafi hún sent beiðni um aðstoð í gegnum Snapchat, á þrjá vini sína, G, H og D, þegar hún var í herbergi Z.

Þegar borinn var undir brotápola framburður hennar í fyrri skýrslu hennar hjá lögreglu um að hún hefði ekki fundið fötin sín eftir að hafa verið hjá Lukaszi og verið nakin þegar hún fór til Tomaszar, en í þeirri næstu hefði hún haldið að hún hefði verið í fötum, jafnvel peysu, sagði brotapoli að nú myndi hún eftir að hafa verið í peysu en hún myndi ekki hvort hún var í buxum. Brotapoli sagði að hún hefði verið ein í herbergi með ákærðu, ekki þekkt þá neitt og verið að hitta þá í fyrsta skipti og hefði hún ekki vitað hvað mundi gerast ef hún reyndi að hlaupa út eða hrópa á hjálp. Þeir hafi ekki verið ógnandi en mjög ágengir þegar hún var ein með þeim, fyrst þegar hún var ein í herbergi, að hún taldi hjá Lukaszi. Hann hefði læst herberginu eftir að hún var komin inn í það en hún myndi ekki hvort það var gert með lykli. Hún kvaðst ekki vera viss um hvernig hún hefði farið til Tomaszar en hann hefði verið fyrir utan herbergið sitt

og sig minnti að hann hefði bent henni á að koma þangað. Z hafi líklega verið úti að reykja. Þegar hún kom fram úr herbergi Lukaszar hefði Z ekki verið frammi.

Vitnið E, [...] brotþola, kvaðst vera nánin brotþola og þekkja hana vel. Hún hafi fengið símtal frá brotþola um morguninn og hafi brotþoli verið dofin og hafi hún sagt henni nokkurn veginn frá því sem gerðist. Síðar um daginn hafi hún hitt brotþola aftur og hún hafi þá enn verið dofinn, liðið illa og verið lítil í sér og lýst þá atvikum aðeins nánar. Brotþoli hafði sagt henni að hún hefði hitt ungan strák á skemmtistað og farið með honum heim og þar hefðu tveir eldri menn beðið eftir þeim. Hún hafi sagt að þessir tveir menn hefðu haft mök við hana. Hún hefði haft áhyggjur af því að hún hefði frosið, en hún hefði ekki viljað þetta og fundist mennirnir vera gamlir. Vitnið sagði að henni hefði fundist þetta atvik hafa áhrif á brotþola að mörgu leyti. Hún hafi eftir þetta farið djúpt í vitleysu og m.a. mikið farið að [...]. Vitnið sagði að brotþoli væri mjög, róleg, feimin og talaði ekki við hvern sem væri. Klár stelpa en vitlaus á köflum og órugg og að sumu leyti unglíngur enn þá. Henni hafi aldrei gengið vel félagslega og sé hún með greiningu [...]. Brotþoli eigi oftast bara eina nána vinkonu og hafi aldrei verið í vinahóp. Hún sækist eftir viðurkenningu, en eins og fylgi [...] kunni hún ekki á mannleg samskipti.

Vitnið B, móðir brotþola, sagðist hafa reynt að fylgjast vel með brotþola á þessu tímabili en hún hefði þá verið dálítið dul og verið að drekka. Brotþoli sé bæði með [...] og [...] og sé því auðvelt skotmark. Vitnið kvaðst hafa verið að hringja í hana frá miðnætti og fram undir morgun en brotþoli hefði einungis svarað einu sinni og þá verið komin í glas. Brotþoli hafi síðan hringt og beðið hana að sækja sig. Hún hafi verið niðurbrotin í símanum og í annarlegu ástandi tilfinningalega. Þegar hún náði í brotþola hefði hún ekki verið vel á sig komin, mjög tætt í útliti. Brotþoli hefði ekki talað við hana um það sem gerðist fyrr en daginn eftir. Þegar hún kom inn í bifreiðina hefði augnaráð hennar verið starandi og eins og hún væri í sjokki, hún hefði andað ört og verið í losti. Hún hefði einnig verið klaufsk þegar hún kom heim og var að reyna að fá sér að borða. Brotþoli hefði sagt henni að hún hefði farið í bifreið með Z og þeim verið ekið í [...]. Þar hefði henni verið gefið áfengi og hún króuð af og látin ganga á milli herbergja. Atvikið hafi haft mikil áhrif á brotþola. Henni hafi liðið mjög illa og verið reið. Hún hafi farið í mikla neyslu eftir þetta og [...]. Hún hafi fengið aðstoð við að vinna úr þessu en þurfi á frekari meðferð að halda. Brotþoli sé með greiningar og sé m.a. mjög hvatvís. [...]. Hún sé [...] og því fylgi félagsleg vandamál og hvatvísi sem valdi því að auðvelt sé að villa um fyrir henni og misnota hana. Þá taldi vitnið að útlit brotþola hefði ekki verið í samræmi við aldur á þessum tíma, líklega hefði hún litið út fyrir að vera [...] ára.

Vitnið I, faðir brotþola sagði atvik hafa haft mikil áhrif á brotþola og margar neikvæðar breytingar hefðu orðið á henni. Hún hafi flosnað upp úr skóla og lokað sig meira af, t.d. frá heimilishaldi. Hún hafi tekið skapofsaköst og sýnt mikla reiði sem hafi verið ólíkt henni. Þá hafi hún aukið neyslu fíkniefna. Brotþoli sé á [...]. Hún sé barnaleg og viti ekki marga hluti sem hún eigi að vita, en geti einnig sýnt mikinn skilning. Hún sé einnig með [...]. Það geti verið áreynsla fyrir hana að vera innan um fólk. Hún sé ekki næm fyrir kaldhæðni og gelgjustælum og hafi lítið frumkvæði sjálf.

Vitnið lögreglumaður nr. 0323 ritaði frumskýrslu málsins. Þar kemur fram að hann hitti brotþola og móður hennar á neyðarmóttöku. Brotþoli hafi verið frekar róleg og átt erfitt með að muna hvað nákvæmlega gerðist. Þegar hann var hjá henni hafi hún fengið skilaboð frá einum ákærða og sýnt þeim þá Facebook-síðu hans og fengust þannig upplýsingar um ákærða. Brotþoli hafi svo aðstoðað við að finna vettvang í gegnum Google og Streetview.

Vitnið J læknir sagði að þegar brotþoli kom í viðtal hjá honum Neyðarmóttöku hefði hún verið með nokkuð skýra heildarmynd miðað við það að hún hefði sagst hafa verið nokkuð drukkin á meðan á þessu stóð. Hún hefði munað eftir atvikum en ekki verið með öll smáatriði á hreinu. Hún hefði verið aðeins utan við sig, dálítið fjarræn, setið í hnipri. Hún hefði grátið talsvert áður en hún kom og því verið búin að fá talsverða útrás fyrir tilfinningar. Við skoðun hafi sést roði á ytri kynfærum og ekki hafi verið skráð að hún hefði verið með sár á fingri.

Vitnið K, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, sagði brotþola hafa lýst því að hún hefði farið heim með manni og þar hefðu verið fyrir tveir aðrir menn. Fannst henni frásögn brotþola hafa verið skýr. Henni hefði liðið illa og hún verið miður sín yfir þessu en gefið góða frásögn. Brotþoli hefði verið búin

að sofa þegar hún kom á neyðarmóttöku. Taldi vitnið að útlit brotþola hefði verið í samræmi við aldur hennar og hefði henni fundist hún vera barn frekar en kona. Brotþoli hafi sjálf lýst því að hún tæki inn [...] og þau gætu hafa mælst í blóði. Slík lyf tekin í eðlilegum skömmtum ættu ekki að hafa haft áhrif á brotþola.

Vitnið F sálfræðingur sagði að brotþola hefði verið vísað til hennar þegar hún var í [...] bekk, vegna [...]. Hún sé með [...] og [...] og það hái henni félagslega [...]. Vitnið kvaðst hafa þekkt brotþola lengi og hún sæi að heili hennar væri að þróast í rétta átt en hún sé slök í að lesa í félagslegar aðstæður. Þá sé innsæi hennar að aukast. Hún sé hrekklaus og auðvelt sé að plata hana. Vitnið sagði að erfitt væri að vera einstaklingur sem ætti bággt með að lesa í félagslegar aðstæður og gæti mistúlkað þær. Eftir atvikið hefði brotþoli orðið fyrir bakslagi og byrjað í neyslu og sæi vitnið mikinn mun eftir það. Brotþoli hafi orðið fyrir miklu áfalli og treysti sér ekki til að fara inn í atvikin og vinna úr þeim og vilji loka á þetta. Hún eigi erfitt með að tjá sig um þetta en hafi sýnt einkenni streitu þegar þær reyndu að ræða þetta. Hún hafi orðið mjög stíf og skelkuð og farið í vörn. Kvaðst vitnið hafa séð hjá henni líkamleg einkenni. Sagði vitnið að brotþoli hefði síðast komið til hennar í vor og telja að hún þyrfti áframhaldandi aðstoð. Það að vera með einkenni [...] þurfi ekki að þýða að maður finni ekki fyrir hlutum heldur komi áhrifin seinna. Um það leyti sem atvik gerðust, þegar brotþoli var [...] ára, hefði útlit hennar verið í samræmi við aldur.

Vitnið L, sálfræðingur og [...], kvaðst hafa verið búin að hitta brotþola fimm sinnum áður en mál þetta kom upp, vegna annarra atvika. Brotþoli sé greind [...], með [...], [...] og hvatvísi. Meðferð brotþola hafi hætt án þess að henni væri lokið. Vitnið hafi ekki náð að fara í mikla faglega vinnu með henni þar sem hún hafi átt erfitt með að yfirfæra það sem þær ræddu yfir á daglegt líf. Hún hafi líka átt við fíknivanda að stríða og ítrekað drukkið of mikið og það hafi gert allt erfiðara. Í meðferðinni hafi vitnið ítrekað verið að vinna með samskiptavanda á heimili og í fjölskyldu brotþola og hafi meðferðin einkennst af því, án þess að hægt hefði verið að fara mikið og djúpt ofan í alvöru hugræna áfallameðferð. Brotþoli eigi gríðarlega erfitt með að lesa í aðstæður, hún hafi verið vinalaus og átt erfitt uppdráttar og liðið illa. Hún hafi þráð mikið félagsleg tengsl en upplifað sig einangraða og eina. Skilgreining hennar á vinum hafi verið allt önnur en hjá öðrum, jafnvel jafnaldrar sem hún vissi ekki nafnið á. Hömluleysi brotþola í tengslum við neyslu hafi verið þess eðlis að hún skildi ekki það sem rætt var um í meðferð og hafi því ekki náð að tileinka sér það. Þá leiði hvatvísi hennar til þess að hún láti leiða sig áfram. Hana vanti allar bremsur eða [...] til að átta sig á stöðinni. Þetta sé slæm blanda, versta blanda að vera með hvað varðar greiningar, að vera með [...], [...], og að auki hvatvísi og [...]. Hún geti ekki lesið í aðstæður og stýrist af mikill hvatvísi, eigi erfitt með að skynja og meta hættu og þegar hún sé í einhverri stöðu sem valdi henni erfiðleikum, hræðslu eða ótta, þá vanti hana bjargráð. Hún eigi erfitt með að hugsa sér hvað hún geti gert næst, hvernig hún geti komið sér út úr stöðunni. Þegar rætt hafi verið við hana um atvikin hafi hún sýnt líkamleg einkenni, svitnað o.fl., en tilfinningagreind hennar sé takmörkuð. Hún upplifi margs konar tilfinningar sem hún viti ekki hvað hún eigi að gera við og hafi lýst þessu sem rússíbana. Þá leiði hvatvísi til þess að hún fari inn í einhver hegðunarmynstur eins og að drekka.

Vitnið lögreglumaður nr. 0808 kvaðst hafa hitt brotþola og móður hennar á slysadeild og rætt þar við þær. Fram hefði komið hjá brotþola að hún hefði verið að skemmta sér í miðbænum kvöldið áður og hefði þá hitt strák en svo hefði henni verið nauðgað af [...] í fjölbýlishúsi í [...]. Hún hefði vitað nafnið á einum þeirra og getað lýst því að hinir tveir hefðu verið feitlagirnir. Í framhaldi af þessu hafi þau fundið húsið þar sem atvik gerðust. Skýrsla hefði verið tekin af brotþola samdægurs og ákærðu handteknir og vettvangur rannsakaður.

Vitnið lögreglumaður nr. 0904 kvaðst hafa hitt brotþola á slysadeild ásamt öðrum lögreglumanni. Þeir hafi fengið frá brotþola upplýsingar til að átta sig á vettvangi og aðilum. Brotþoli hafi svo fengið vinabeiðni á Facebook og í kjölfar þess hafi hjólin farið að snúast. Þeir hafi farið með brotþola að húsinu þar sem talið var að vettvangur væri. Þá kvaðst vitnið hafa reynt að boða vitnin D og H fyrir dóm til skýrslugjafar og þá gert þeim grein fyrir því um hvað málið snerist. D hafi þá sagt honum að hún vissi af málinu en kannaðist ekki við að hafa fengið skilaboð eða aðstoðarbeiðni frá brotþola þetta kvöld. Hún vissi að brotþoli hefði verið dauðadrukkin niðri í bæ. H hefði sagt vitninu að hann muni ekki eftir að hafa fengið skilaboð frá henni þetta kvöld.

Vitnið lögreglumaður nr. 0635 kvaðst hafa tekið myndir á vettvangi í [...] og hafa sérstaklega skoðað læsingar á dyrum á herbergjum ákærðu Tomaszar og Lukaszar. Að utan séu dyrnar opnaðar með lykli og þegar þeim sé lokað skellist í lás. Innan frá þurfi að snúa snerli til að opna dyrnar og sé hægt að læsa þessum snerli. Á hliðinni sé pinni til að aflæsa að innan og þurfi að snúa snerli til að gera það, ýtt sé á pinnann til að læsa og aflæsa. Skoðun hafi leitt í ljós að pinninn geti verið tregur þegar verið sé að aflæsa honum en hægt að gera það með því að reyna aðeins á. Sambærilegar læsingar séu í báðum herbergjunum, útlit þeirra sé mismunandi en þær virki eins.

Vitnið M, íbúi í [...], kvaðst hafa verið vakandi þessa nótt vegna veikinda og hafi þá verið mikil þögn í húsinu sem sé mjög hljóðbært. Hún hafi síðan orðið vör við að sífellt væri verið að opna og loka dyrum á herbergjunum í kjallaranum. Hún hafi litið út og séð ungan mann sitja úti að reykja og fara síðan inn aftur og svo aftur út. Síðan hafi hún heyrt hann tala við unga stúlku sem hafi grátið. Eftir smá tíma hafi hún litið aftur út og þá séð að maðurinn var að reyna að taka utan um stúlkuna en hún hafi hrist hann af sér og hlaupið af stað og hann á eftir. Einnig hafi hún heyrt að stúlkan var í símanum að biðja einhvern að sækja sig. Hún hafi hlaupið í áttina að [...] og maðurinn á eftir en hann komið síðan einn til baka. Vitnið kvaðst síðar þennan sama dag hafa orðið vör við að kjallarinn var fullur af fólki vegna rannsóknar lögreglu.

### III

#### *Niðurstaða*

Ákærðu eru ákærðir fyrir að hafa haft samfarir og önnur kynferðismök við brotaþola án hennar samþykkis, og beitt hana ólögumætri nauðung með því að notfæra sér ölvunarástand hennar og yfirburðastöðu sína, þar sem brotaþoli var stödd með þeim, þremur ókunnugum mönnum, fjarri öðrum, auk þess sem ákærðu Lukasz og Tomasz nýttu sér yfirburðastöðu sína gagnvart brotaþola sökum aldurs- og þroskamunar, en ákærðu Lukasz og Tomasz höfðu samfarir við brotaþola og ákærði Z lét hana hafa við sig munnmök. Er brot ákærðu talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Orðalag ákæru verður ekki skilið öðruvísi en svo að ekki sé byggt á samverknaði ákærðu, þó svo að aðstæðum sé lýst sameiginlega og brot ákærðu talin hafa átt sér stað á sama stað og tíma.

Brotaþola og ákærðu ber saman um atburðarás í meginatriðum. Hún hitti ákærða Z í miðbænum og meðákærðu sóttu þau á bifreið að [...] og þaðan fóru þau heim til ákærðu. Á þeim tímapunkti var ekkert fram komið um að brotaþoli hefði neinn kynferðislegan áhuga á ákærðu Lukasz og Tomasz, en bæði hún og ákærði Z báru um það að hafa a.m.k. verið að kyssast áður en þau fóru í [...]. Helst ber á milli um atvik að brotaþoli taldi að hún hefði haft kynmök við ákærða Lukasz áður en hún hafði kynmök við ákærða Tomasz, gagnstætt því sem fram kemur hjá ákærðu. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að lýsing ákærðu á röð atvika sé röng og verður byggt á samhljóða framburði þeirra hvað það varðar. Þá sagði brotaþoli í framburði sínum fyrir dómi hún muni ekki eftir að hafa haft munnmök við ákærða Z eins og hún lýsti hjá lögreglu. Þá bar ákærði Z um að hann og brotaþoli hefðu fyrst farið inn í hans herbergi eftir að þau komu í [...] en ákærði Tomasz síðan hringt og beðið þau að koma til sín. Er ekkert annað fram komið í málinu sem styður að atvik hafi verið með þessum hætti, heldur má ætla af framburði brotaþola og meðákærðu að þau hafi öll farið beint inn í miðherbergið, herbergi ákærða Tomaszar.

Lýsing brotaþola á aðstæðum er í samræmi við ljósmyndir af vettvangi, teikningu af húsnæði og það sem sjá mátti við vettvangsskoðun við aðalmeðferð málsins, en vettvangur er í kjallara fjölbýlishúss þar sem herbergi eru til útleigu og ákærðu leigðu allir herbergi þar. Einnig er þar sameiginlegt baðherbergi og má af vettvangi ráða að þrjár útgönguleiðir séu úr kjallara. Þá leiddi vettvangsskoðun og skoðun lögreglu, er fram fór undir aðalmeðferð málsins, í ljós að herbergin eru með hefðbundnum smekklás. Var þannig hægt að opna læst herbergi með lykli utan frá en með snerli að innan og eftir atvikum taka úr lás. Ljóst er að ákærðu töluðu litla íslensku og ákærði Z einnig litla ensku en aðrir ákærðu meira. Samkvæmt framburði brotaþola og ákærðu ræddi brotaþoli aðallega við ákærðu á ensku, sem í einhverjum tilvikum var túlkað fyrir ákærða Z, eða íslensku eftir getu ákærðu.

Brotaþoli var á [...] ári þegar atvik gerðust. Framburður ákærðu hefur verið misvísandi um það hvort þeir hafi vitað réttan aldur hennar. Brotaþoli bar um það bæði í framburði sínum hjá lögreglu í september 2018 og fyrir dómi að ákærðu hefðu vitað hvað hún var gömul og sagði fyrir dómi að ákærðu

hefðu allir verið viðstaddir þegar aldur hennar var ræddur. Er það í samræmi við framburð ákærða Z hjá lögreglu, en hann sagði ákærða Tomasz hafa sagt sér að hún væri [...] ára þegar þau voru komin í [...]. Fyrir dómi kannaðist hann ekki við þetta og heldur ekki ákærði Tomasz. Enginn ákærðu taldi sig hafa vitað að hún hefði verið [...] ára heldur ýmist talið að hún hefði verið jafngömul ákærða Z, sem þá var [...] ára, eða einu til tveimur árum yngri. Fyrir liggur upptaka í hljóði og mynd af skýrslu sem brotaþoli gaf hjá lögreglu daginn eftir að atvik áttu sér stað og metur dómari það svo að útlit brotaþola hafi þá verið í samræmi við aldur hennar. Fær þetta einnig stuðning í framburði vitnanna K hjúkrunarfræðings og F sálfræðings. Verður breyttur framburður ákærða Z fyrir dómi hvað þetta varðar talinn ótrúverðugur í ljósi atvika. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að ákærðu hafi þegar atvik gerðust mátt vita að brotaþoli væri [...] ára.

Framburður brotaþola og allra ákærðu er samhljóða um að brotaþoli hafi verið drukkin umrætt sinn. Ákærðu lýstu ástandi hennar í skýrslu sinni hjá lögreglu sem svo að hún hefði verið mjög drukkin, ákærði Lukasz taldi að hún væri jafnvel á einhverju meira, ákærði Tomasz sagði að hún hafi verið „alkóhólsljógvuð“ og ákærði Z sagði það hafa verið ástæða þess að hann vildi að brotaþoli færi með honum heim og gisti hjá honum að hún var svo ölvuð. Ákærðu drógu úr lýsingum sínum á ölvunarástandi hennar í skýrslum sínum fyrir dómi, fyrir utan ákærða Z sem að mestu ítrekaði það sem hann hafði sagt hjá lögreglu. Hann sagði einnig að hann hefði séð að hún væri mjög ölvuð, hún hefði átt erfitt með gang en verið með meðvitund en ekki alveg meðvitund um það sem hún var að gera. Aðspurður um ástand brotaþola í skýrslu fyrir dómi sagði ákærði Tomasz. „Ef hún er að gera þetta þá hlýtur hún að vita það.“ Ákærði Lukasz sagði að hann hefði örugglega brugðist öðruvísi við þegar brotaþoli kom og byrjaði að kyssa hann ef hann hefði verið allsgáður. Þá sagði ákærði Tomasz einnig að hann hefði metið aðstæður öðruvísi ef hann hefði verið edrú og þá örugglega stöðvað brotaþola. Blóðsýni var tekið úr brotaþola daginn eftir á neyðarmóttöku og reyndist ekki vera alkóhól í blóði hennar við rannsókn á því sýni, enda hefur ekkert fram komið um að hún hafi drukkið áfengi eftir að hún drakk bjór skömmu eftir komu í [...]. Engu að síður á því byggt, í ljósi framangreinds framburðar ákærðu, að brotaþoli hafi verið mjög ölvuð þegar atvik gerðust og að ákærðu hafi mátt vera það ljóst.

Þegar litið er til framburðar ákærðu og brotaþola um tildrög þess að brotaþoli fór með þeim heim er það mat dómsins að framburður brotaþola hafi verið nokkuð á reiki hvað þetta varðar. Verður hann þó ekki skilinn öðruvísi en svo að það hafi verið vilji brotaþola að fara með þeim, hvort sem það var í því skyni að fara með Z eða fara í samkvæmi. Er þetta einnig í samræmi við framburð ákærðu. Þá er óumdeilt að móðir brotaþola reyndi ítrekað að hringja í hana á meðan hún var hjá ákærðu en brotaþoli hafi vísitandi ekki svarað símtölum hennar. Sagði brotaþoli fyrir dómi að hún hefði ekki viljað svara þar sem hún var drukkin. Í ljósi þessa verður að ætla að brotaþoli hafi einhvern tímann meðan atvik gerðust getað svarað móður sinni og kallað eftir aðstoð. Ekkert er þó fram komið um að brotaþoli hafi verið með símann á sér á meðan hún var í herbergjum ákærðu Tomaszar og Lukaszar og því síður að þá hafi hún haft möguleika á að kalla eftir aðstoð símléiðis. Vísast um það m.a. til framburðar ákærða Z sem bendir til þess að brotaþoli hafi ekki alltaf verið með símann við hendina og framburðar hennar um að atvik hafi gerst hratt. Þá er ekkert fram komið sem styður framburð brotaþola um að hún hafi sent vinum sínum skilaboð í gegnum samskiptaforrit þegar hún var komin í herbergi ákærða Z.

Samkvæmt framlögðum gögnum er brotaþoli greind [...], [...], [...] og hvatvísi en ekki er á því byggt í ákæru að ákærðu hafi misnotað sér það ástand hennar. Af framburði brotaþola má ráða að sum atriði mundi hún ekki strax við fyrstu skýrslutöku og kann það að skýrast af ölvunarástandi hennar. Öðru virðist brotaþoli hafa gleymt á þeim tveimur og hálfu ári sem liðin eru frá því að atvik gerðust. Auk þess sem að framan hefur verið nefnt hefur framburður hennar verið á reiki varðandi það hvar hún klæddi sig aftur og í hvaða föt .

Framburður brotaþoli hefur verið stöðugur um að hún hefði verið ölvuð og því haft litla stjórn á atvikum. Þá hafi hún ávallt borið á sama hátt um að hún muni illa hvernig hún fór á milli herbergja en framburður hennar um það sem hún þó man hvað það varðar hefur verið stöðugur og trúverðugur. Á það einnig við um framburð hennar um að upphafið að því að ákærðu Lukasz og Tomasz höfðu mök við hana hafi alfarið verið að þeirra frumkvæði og þeir stýrt henni áfram. Er þetta í andstöðu við framburði þeirra.

Ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga var með 3. gr. laga nr. 61/2007 breytt m.a. á þann veg að fært var inn í upptalningu á verknaðarlýsingu ákvæðisins annars konar ólögmat nauðung. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2007 er ákvæði þetta meðal annars skýrt svo að aðalatriði kynferðisbrots sé að brotið sé gegn sjálfsákvörðunarrétti manna varðandi kynlíf, frelsi þeirra og friðhelgi. Í samræmi við það sjónarmið sé í frumvarpinu lagt til að dregið verði úr áherslu á verknaðaraðferðir og megináherslan lögð á það að með brotunum séu höfð kynmök við þolanda án hans samþykkis og þannig brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi hans í kynlífi. Telur dómurinn að líta verði til þessarar athugasemdar þegar metið er hvort verknaðarlýsing ólögmatrar nauðungar séu sönnuð.

Ákærði Tomasz hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við brotþola. Ber hann því við að það hafi verið með vilja brotþola og hún hafi átt frumkvæðið að kynmökum þeirra. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði ákærði Tomasz að hafa haft samræði við brotþola og var það ekki fyrir en honum var kynntur framburður meðákærðu að hann breytti framburði sínum og sagði það hafa verið með fullum vilja brotþola. Fyrir dómi gat ákærði ekki gefið neina skýringu á því af hverju hann neitaði upphaflega að hafa haft samræði við hana. Þá hefur framburður ákærða verið á reiki um fleiri atriði í gegnum meðferð málsins, svo sem aðstæður þegar brotþoli fór í herbergi Lukaszar. Framburður ákærða er á þann veg að brotþoli hafi haft áhuga á að vera með honum og hafi verið gröð og hafi, eftir að hafa verið með honum, viljað meira kynlíf. Aðrir ákærðu staðfestu ekki fyrir dómi að hafa heyrt brotþola segja þetta. Bar ákærði um það hjá lögreglu og fyrir dómi að Z hefði farið út að reykja og þá hefði brotþoli sýnt kynferðislegan áhuga á honum. Er þetta í andstöðu við framburð ákærða Z, sem sagði Tomasz hafa sent sig út að reykja, en framburður Z verður ekki skilinn öðruvísi en svo að þó hann hefði ekki vitað hvað stóð til hefði hann haft áhyggjur af því. Þá bar ákærði um það sjálfur í framburði sínum fyrir dómi að það hefði verið bankað hjá honum á meðan hann hafði kynmök við brotþola og taldi hann að það hefði verið Z. Einnig bar ákærði um það fyrir dómi að brotþoli og Z hefðu verið að kyssast í herberginu áður en Z fór og að hann hefði sjálfur lokað dyrunum eftir að hann var orðinn einn í herberginu með brotþola. Með hliðsjón af atvikum metur dómurinn framburð ákærða Z um að ákærði Tomasz hafi sent hann út að reykja trúverðugan og einnig hvað það varðar að hann hafi haft áhyggjur af brotþola einni með ákærða Tomasz og verður á þessu byggt við úrlausn málsins. Brotþoli getur ekki borið um það hvernig það kom til að hún var ein eftir í herbergi með ákærða Tomasz og taldi einnig að áður hefði hún verið hjá ákærða Lukasz sem er, eins og rakið hefur verið, gagnstætt þeirri tímaröð sem ákærðu lýsa.

Er það mat dómsins að framburður ákærða Tomaszar sé ótrúverðugur hvað varðar vilja brotþola til kynmaka og frumkvæði hennar. Einnig lýsir ákærði þar ákveðinni stjórn hans á gerðum brotþola og þrýstingi eða blekkingu gagnvart henni þegar hann sagði henni að fara og skoða herbergi meðákærða með það í huga að hún hefði kynmök við ákærða Lukasz, án þess að segja það við hana. Sama má segja um þá háttsemi hans, sem lagt er til grundvallar að sé sönnuð með framburði ákærða Z, að senda Z út svo hann gæti verið einn með brotþola, án þess að brotþoli hefði haft nokkuð um það að segja en ekkert er fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi haft einhvern kynferðislegan áhuga á ákærða. Þá bar ákærði um að hafa læst hurðinni á meðan brotþoli var hjá honum og ekki opnað þegar ákærði Z bankaði. Brotþoli lýsti því fyrir dómi að hún hefði verið ölvuð og því ekki haft stjórn á atvikum og ákærði haft allt frumkvæði að kynmökum en hún frosið. Hefði hún óttast hvað mundi gerast ef hún streittist á móti. Þá var hún ein í húsnæði með þremur mönnum og kom skýrt fram í framburði hennar að ákærðu hefðu sýnt henni ofríki þegar hún var orðin ein með þeim og hún ekki þorað að mótmæla gerðum þeirra af ótta um hvernig þeir brygðust við.

Brotþoli var [...] ára gömul þegar atvik gerðust og verður ekki fallist á það með ákærða Tomasz að hann hafi mátt halda annað með hliðsjón af útliti hennar. Þá mátti ákærða vera ljóst að brotþoli var mikið ölvuð og að aðstæður væru þvingandi fyrir hana. Ákærði var mun eldri en brotþoli, eða 36 ára gamall, og hann vissi að brotþoli hafði komið með þeim heim vegna ákærða Z, sem var mun nær henni í aldri, og hún hafði áður verið að kyssa í herbergi ákærða. Ákærði átti vegna aldurs síns að búa yfir þroska til að meta aðstæður, sem brotþoli hafði ekki vegna ungs aldurs og ölvunarástands. Ákærði bar sjálfur um

það fyrir dómi að eftir á mæti hann það svo að hefði hann ekki verið drukinn þegar atvik gerðust, þá hefði hann metið atvik öðruvísi.

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um það sem átti sér stað inni herbergi ákærða. Framburður brotþola um atvik þar er trúverðugur og fær að einhverju leyti stuðning í framburði ákærða Tomaszar um það hvernig hann stýrði aðstæðum og framburðar ákærða Z vegna lýsinga hans á aðdraganda atvika sem leiddu til þess að hann hafði áhyggjur af brotþola. Dómurinn metur framburð ákærða um þetta ótrúverðugan. Byggist það á því að framburður ákærða hefur tekið miklum breytingum í gegnum meðferð málsins en einnig vegna ósamræmis við framburð meðákærðu og brotþola. Ekki síst er framburður hans um frumkvæði og vilja brotþola til kynmaka ótrúverðugur í ljósi áður nefndra lýsinga á ölvunarástandi hennar og framburði hennar almennt. Þá styðja framlögð gögn, m.a. vottorð og framburður L og F og framburður foreldra brotþola og vitnisins E, framburð brotþola um að hún hafi upplifað að alvarlega væri á sér brotið í umrætt sinn. Er þá sérstaklega vísað til þess að vitnin L og F sögðu brotþola hafa sýnt líkamleg einkenni vanlíðunar við upprifjun atvika. Einnig er vísað til lýsinga læknis og hjúkrunarfræðings á Neyðarmóttöku á vanlíðan hennar daginn eftir að atvik gerðust. Er það niðurstaða dómsins að leggja beri frásögn brotþola til grundvallar í málinu. Þykir sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi þvingað brotþola til kynferðismaka með því að beita hana ólögumatri nauðung, eins og lýst er í ákæru. Þannig hafi ákærði misnotað sér gróflega aðstöðu sína á grundvelli yfirburða sinna í aldri og þroska, ölvunarástand brotþola og þeirra aðstæðna sem uppi voru, þar sem brotþoli var ein með þremur ókunnugum mönnum í óvenjulegu húsnæði og við mjög sérstakar aðstæður. Þó verður ekki talið að af hálfu ákæruvaldsins hafi verið sýnt fram á að atvik hafi gerst fjarri öðrum. Með vísan til alls framangreinds er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að til að ná fram kynmökunum hafi ákærði nýtt sér aðstæður eins og að rakið hefur verið. Braut ákærði þannig gróflega gegn kynfrelsi brotþola og gerðist með háttsemi sinni sekur um ólögumatri nauðung samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði Lukasz hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við brotþola. Ber hann, eins og ákærði Tomasz, um að brotþoli hafi átt frumkvæðið að kynmökum þeirra og hafi bankað á dyr hans með sæng utan um sig en nakin að öðru leyti.

Framburður ákærðu um atvik þegar brotþoli fór yfir í herbergi ákærða Lukaszar hefur verið á reiki í gegnum meðferð málsins. Ákærði Lukasz hefur í sínum framburði verið stöðugur um það að brotþoli hafi bankað hjá honum þar sem hann var í herbergi sínu. Ákærði Tomasz bar um það hjá lögreglu að þeir hefðu allir verið frammi áður en brotþoli fór til ákærða Lukaszar en fyrir dómi að meðákærðu hefðu þá báðir verið í herbergjum sínum en breytti svo þeim framburði á þann veg að dyrnar að herbergi Lukaszar hefði verið opnar og Lukasz hugsanlega við dyrnar. Þá sagði ákærði Z hjá lögreglu að hann hefði séð þegar brotþoli fór inn til Lukaszar, gagnstætt því sem hann sagði fyrir dómi. Framburður ákærðu Tomaszar og Z hjá lögreglu er í samræmi við framburð brotþola að því leyti að hún taldi að Lukasz hefði þá verið á ganginum og að henni hefði verið stýrt til Lukaszar. Er það í samræmi við framburð ákærða Tomaszar um að hann hefði sagt henni að fara þangað og skoða herbergi ákærða Lukaszar og Lukasz tekið við henni á ganginum, eins og ráða má af framburði Tomaszar hjá lögreglu. Ákærði Tomasz lýsti því fyrir dómi að hann hefði sagt þetta af því að brotþoli hefði sagt honum að hún væri gröð, og kvaðst hann hafa gert þetta í því skyni að hún hefði kynmök við Lukasz. Ekkert er fram komið sem styður frásögn ákærða Tomaszar um þessi orð brotþola. Samkvæmt framburði brotþola man hún ekki hvernig hún fór á milli herbergja utan þess að henni hafi verið bent á að skoða herbergi Lukaszar. Þær lýsingar sem hafa komið fram af hálfu ákærðu um atvik þegar brotþoli fór yfir í herbergi Lukaszar benda allar til þess að brotþoli hafi verið nakin en með sæng þegar Tomasz benti henni á að fara þangað.

Eins og að framan er rakið metur dómurinn framburð ákærða um að hann hafi verið í herbergi sínu ótrúverðugan og leggur til grundvallar að hann hafi annað hvort verið á ganginum eða við herbergisdynar. Þetta er í ákveðnu samræmi við framburð brotþola, sem sagði að sá maður sem hún fór með í herbergið hefði ætlað að sýna henni herbergið, og framburð ákærða Tomaszar. Dómurinn metur þannig framburð ákærða ótrúverðugan um að það hafi verið vilji brotþola að hafa við hann kynmök og hún komið til hans í því skyni. Er þannig talið að ákærðu Tomasz og Lukasz hafi ráðskast með brotþola

og ýtt henni inn í þær aðstæður að vera ein með ákærða Lukasz þar sem hún hafði enga möguleika á því að verja sig án þess að eiga á hættu viðbrögð ákærðu. Þá verður að hafa í huga að ákærði Tomasz var þegar búin að hafa kynmök við brotþola og mátti því ætla að hann gæti stýrt brotþola á þennan hátt. Verður að telja að ákærða hafi í ljósi aðstæðna verið fullljóst að brotþoli hefði verið leidd til hans þar sem hann tók við henni og það sem gerðist í framhaldinu hans ákvörðun. Þá er ekkert komið fram sem bendir til þess að það hafi verið vilji brotþola að hafa kynmök við hann.

Ákærði bar um það í skýrslu sinni fyrir dómi að eftir að bankað var hjá honum meðan hann hafði kynmök við brotþola sem hefði þá viljað fara og beðið hann að opna, sem bendir til þess að brotþoli hafi staðið í þeirri trú að hún væri læst inni og kæmist ekki út án atbeina ákærða. Einnig kom fram að hann hefði spurt, eftir að þau voru hætt að hafa kynmök, hvort allt væri í lagi og hún þá svarað játandi. Bendir þetta til þess að ákærði hafi þá liðið illa.

Eins og áður er rakið var brotþoli á [...] ári þegar atvik gerðust og verður ekki fallist á það með ákærða að hann hafi mátt halda annað með hliðsjón af útliti hennar. Þá mátti ákærða vera ljóst að brotþoli var mikið ölvuð og að aðstæður væru þvingandi fyrir hana. Ákærði vissi að brotþoli kom með þeim heim vegna ákærða Z, sem var nær henni í aldri. Ákærði var 32 ára, mun eldri en brotþoli, og átti hann að hafa þroska til að meta aðstæður og stýra þeim umfram brotþola. Þá bar ákærði um að þegar það rann af honum hafi hann hugsað um það hvort þetta hefði verið eðlilegt vegna aldursmunar og ölvunar brotþola. Brotþoli lýsti því fyrir dómi að hún hefði verið ölvuð og því haft litla stjórn á atvikum og hefði óttast hvað mundi gerast ef hún streitist á móti. Þá var hún stödd þarna ein með þremur mönnum.

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um það sem átti sér stað inni í herbergi ákærða. Hann kvaðst hafa hætt kynmökum þegar brotþoli vildi hætta en brotþoli kvaðst hafa sagt ítrekað við ákærða strax í upphafi að þau ættu ekki að gera þetta. Framburður brotþola er trúverðugur og fær um margt stuðning í framburði ákærða Tomaszar á því hvernig hann stýrði brotþola áfram til ákærða Lukaszar. Í ljósi þess metur dómurinn framburð ákærða ótrúverðugan hvað þessi atvik varðar og þá ekki síst um frumkvæði og vilja brotþola til kynmaka í ljósi áður nefndra lýsinga á ölvunarástandi hennar og framburðar hennar almennt og framburðar ákærða Tomaszar. Eins og að framan er rakið telur dómurinn að framlögð gögn og framburður vitna styðji framburð brotþola um að hún hafi upplifað alvarlega á sér brotið í umrætt sinn. Er það niðurstaða dómsins að leggja beri frásögn brotþola til grundvallar. Þykir sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi þvingað brotþola til kynferðismaka með því að beita hana ólögmaetri nauðung, eins og lýst er í ákæru. Þannig hafi ákærði misnotað sér gróflega aðstöðu sína á grundvelli yfirburða sinna í aldri og þroska, ölvunarástands brotþola og þeirra aðstæðna sem uppi voru þar sem brotþoli var ein með þremur ókunnugum mönnum í óvenjulegu húsnæði og við mjög sérstakar aðstæður. Þó verður ekki, eins og hvað varðar ákærða Tomasz, talið að af hálfu ákæruvaldsins hafi verið sýnt fram á að atvik hafi gerst fjarri öðrum. Með vísan til alls framangreinds er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að til að ná fram kynmökunum hafi ákærði nýtt sér aðstæður eins og að rakið hefur verið. Braut ákærði þannig gróflega gegn kynfrelsi brotþola og gerðist með háttsemi sinni sekur um ólögmaeta nauðung samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði Z er sakaður um að hafa notfært sér ástand brotþola til að láta hana hafa við sig munnmök. Bæði brotþoli og ákærði Z lýstu því svo í gegnum alla meðferð málsins að brotþoli hefði komið inn í herbergi Z með honum eftir að hún hafði verið bæði í herbergi ákærða Lukaszar og Tomaszar. Brotþoli lýsti því í framburði sínum hjá lögreglu að hún hefði haft munnmök við ákærða Z í herbergi hans, en fyrir dómi mundi hún ekki eftir og breyttist það ekki eftir að brotþola var kynntur framburður hennar hjá lögreglu. Ákærði Z lýsti því í framburði sínum hjá lögreglu að brotþoli hefði haft munnmök við hann í herberginu, en fyrir dómi var framburður hans um þetta nokkuð óljósari og kvað hann sig þá minna þetta. Engu að síður telur dómurinn að ekkert sé fram komið sem dregur sérstaklega úr trúverðugleika hvorki ákærða Z né brotþola hvað varðar atvik þegar þau voru bæði komin inn í herbergi ákærða.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé

fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á þeim sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð málsins fyrir dómi. Verður þannig ekki byggt á framburði brotþola hjá lögreglu sem hún staðfesti ekki í skýrslu sinni fyrir dómi. Eftir stendur þá framburður ákærða um að brotþoli hafi haft munnmök við hann. Sá framburður var óljós að því leyti að ákærði orðaði það svo að hann væri ekki viss um að hún hefði gert þetta. Hún hafi viljað þetta og sýnt það með því að nálgast hann og taka niður buxur hans en hann hjálpað til. Þá bendir framburður brotþola, sem fær um þetta atriði stuðning í framburði ákærða Z og vitnisins M, um að hún hafi sagst vilja fara og í kjölfar þess hlaupið út, til þess að aðstæður hafi ekki lengur verið með sama hætti og byggt er á í ákæru þegar brotþoli var komin inn í herbergið. Með framburði ákærða einum verður ekki talið sannað að brotþoli hafi haft munnmök við ákærða umrætt sinn og er ákærði Z þegar af þeirri ástæðu sýknaður af broti því sem honum er gefið að sök í ákæru.

#### IV

Ákærði Lukasz er fæddur árið 1985 og ákærði Tomasz er fæddur árið 1981. Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hvorugur þeirra verið dæmdur til refsingar.

Ákærðu Lukasz og Tomasz eru í máli þessu sakfelldir fyrir nauðgun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en samkvæmt ákvæðinu getur brot gegn því sætt fangelsi allt að 16 árum. Ákærðu eiga sér engar málsbætur. Þeir misnotuðu sér ástand og aðstæður ungrar stúlku í því skyni að ná fram vilja sínum og skeyttu engu um velferð hennar. Eru brot ákærðu alvarleg og ófyrirleitin. Verður til refsipýngingar litið til 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Brotþoli var [...] ára þegar atvik gerðust og brot ákærðu sérstaklega þungbær í ljósi þess hvernig atvikum var háttað. Er því bæði litið til a- og c-liðar 195. gr. laga nr. 19/1940 við ákvörðun refsingar. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærðu Tomaszar og Lukaszar, hvors um sig, hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Með hliðsjón af alvarleika brota ákærðu er ekki efni til að skilorðsbinda refsingu þeirra, þrátt fyrir að meðferð málsins hafi dregist úr hófi. Þannig liðu 27 mánuðir frá því að brotið var framið og þar til ákæra vegna málsins var gefin út en ákærðu verður ekki um þann drátt kennt.

#### V

Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða henni miskabætur, in solidum, að fjárhæð 5.000.000 króna auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærðu Tomasz og Lukasz hafa, eins og að framan er rakið, verið sakfelldir samkvæmt ákæru en ákærði Z sýknaður og verður því kröfunni vísað frá dómi hvað hann varðar. Ekki er á því byggt að um samverknað ákærðu Lukaszar og Tomaszar sé að ræða og eru ekki forsendur til að dæma ákærðu sameiginlega bótaskylda vegna þeirra brota sem þeir hafa verið sakfelldir fyrir. Eins og rakið er að framan hafa þeir báðir verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn brotþola. Eru brot sem þessi til þess fallin að hafa í för með sér stórfelldan miska fyrir þann sem fyrir því verður. Þá má af málgögnum ráða að brotin haf haft alvarlegar afleiðingar fyrir líðan brotþola þó ekki verði greint á milli afleiðinga brota hvors ákærðu um sig. Í ljósi framangreinds þykir brotþoli eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærðu á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin í ljósi framangreinds og dómafordæma 1.300.000 krónur, úr hendi ákærðu hvors um sig, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði og er þá við það miðað að ákærðu var fyrst birt bótakrafa við þingfestingu málsins.

Með vísan til 1. mgr. 234. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála greiðast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Z, Bjarna Haukssonar lögmanns, 2.200.000 króna, úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði Lukasz málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Jens Gylfasonar lögmanns, er teljast hæfilega ákveðin 2.100.000 króna, og ákærði Tomasz málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar lögmanns, er teljast hæfilega ákveðin 2.400.000 króna. Sakarkostnaður sem tilkominn er sérstaklega vegna réttarlæknisfræðilegra rannsókna á ákærða Z, 70.592 krónur, greiðist úr ríkissjóði, en ákærðu Lukasz og Tomasz greiði hvor um sig helming annars sakarkostnaðar sem samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins, að teknu tilliti til framangreinds, er alls 1.016.185 krónur og helming þóknunar

réttargæslumanns brotþola, Hildar Leifsdóttur lögmans, sem alls er ákveðin 975.000 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 við uppkvaðningu dóms þessa.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Z, er sýkn af öllum kröfum ákærvalds.

Ákærði, Lukasz Soliwoda, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði, Tomasz Walkowski, sæti fangelsi í þrjú ár.

Einkaréttarkröfu brotþola, A, er vísað frá hvað varðar ákærða Z.

Ákærði Lukasz greiði brotþola 1.300.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. febrúar 2017 til 27. júní 2019 en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Tomasz greiði brotþola 1.300.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 4. febrúar 2017 til 27. júní 2019 en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða Z, Bjarna Haukssonar lögmans, 2.200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Lukasz greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Jens Gylfasonar lögmans, 2.100.000 krónur.

Ákærði Tomasz greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar lögmans, 2.400.000 krónur.

Ákærðu Lukasz og Tomasz greiði hvor um sig helming sakarkostnaðar, sem er alls 1.016.185 krónur og helming þóknunar réttargæslumanns brotþola, Hildar Leifsdóttur lögmans, sem er alls 975.000 krónur. Annar sakarkostnaður, 70.592 krónur, greiðist úr ríkissjóði.